



## **BA í lögfræði**

Skilyrði málskots til Hæstaréttar

Með tilkomu Landsréttar

**Júní 2019**

**Nafn nemanda:** Kolbrún Kristín Antonsdóttir

**Kennitala:** 130396-2839

**Leiðbeinandi/-endur:** Eiríkur Elís Þorláksson

## Útdráttur

### **Skilyrði málskots til Hæstaréttar : Með tilkomu Landsréttar**

Tilgangur og markmið ritgerðarinnar er taka til skoðunar hver skilyrði laga séu fyrir því að fá máli skotið til Hæstaréttar. Eftir setningu laga nr. 49/2016 um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) og ný lög um dómstóla nr. 50/2016 voru sett var Landsrétti komið á fót og tók hann við af Hæstarétti sem áfrýjunardómstóll. Við lagabreytinguna fékk Hæstiréttur nýtt hlutverk í dómskerfinu sem réttarskapandi dómstóll. Til að nálgast viðfangsefnið er fjallað um hvert hafi verið markmið breytingarlaga nr. 49/2016 varðandi breytt hlutverk Hæstaréttar með tilliti til þeirra skilyrða sem mál þarf að uppfylla til að fá áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Einnig verður tekið til skoðunar með hvaða hætti Hæstiréttur leggur mat á hvort skilyrði til veitingu áfrýjunarleyfis teljist vera uppfyllt og ennfremur verður litið til þess hvaðan fyrirmyndin að breytingarlögunum nr. 49/2016 var sótt. Í lögunum eru sett þröng skilyrði fyrir því hvenær heimilt sé að skjóta máli til Hæstaréttar og leggur rétturinn sjálfur mat á hvort skilyrðin teljist vera uppfyllt og tekur ákvörðun um hvort áfrýjunarleyfi er veitt eða ekki. Megin áherslan er lögð á umfjöllun um það hver skilyrðin eru til þess að fá máli skotið til Hæstaréttar og í hvaða tilvikum Hæstiréttur telur skilyrðin vera uppfyllt. Aukinheldur verður greint frá því hvaðan fyrirmyndin er tilkomin varðandi þessi þröngu skilyrði í lögunum um veitingu áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar. Því næst verður skoðað hvernig Hæstiréttur leggur mat á skilyrðin og í hvaða málum hann hefur veitt áfrýjunarleyfi og þá á hvaða grundvelli. Að lokum eru svo helstu niðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman um hver skilyrðin fyrir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar eru og dregnar saman ályktanir um það hvernig Hæstiréttur leggur mat á hvort skilyrði til veitingar áfrýjunarleyfis teljist vera uppfyllt.

## **Abstract**

### **The conditions to have the right to appeal a case to the Supreme Court of Iceland : With the founding of the new Appeal Court Landsréttur**

This essay focuses on the changes that were done with the new legislation, number 49/2016 about changes made to civil law and criminal law. Changes were also made to law about courts number 50/2016, that took effect in Iceland on the 1.<sup>st</sup> of January 2018. The legalization that took effect in Iceland in the field of the judicial system, was set to establish a new court that would receive the task that the Supreme Court had before as an Appeal Court. The new Appeal Court Landsréttur was established, and received the Supreme Court's task as an Appeal Court. The Supreme Court now has a new role in the judicial system to become a precedent court. The main purpose of this essay is to determine what are the conditions that are set forward in the law about the right to appeal a case to the Supreme Court in Iceland. The new legal provisions of the law did mark down narrow conditions to have the right to appeal a case to the Supreme Court and the court itself has to give permission to appeal the case to the Supreme Court. The pivotal point in this essay is deliberation about the conditions to have the right to appeal a case to the Supreme Court. An overview is presented on where the legal provisions of the law comes from, that is where Iceland looked at legislation in other countries about the conditions to appeal a case to the Supreme Court. In the essay it will be reviewed how the Supreme Court here in Iceland interpretate the conditions on which cases get an appeal and on what grounds the decision to allow appeal to the Supreme Court is made. The main results will be drawn together in the closing chapter of the essay on what the conditions for appealing a case to the Supreme Court are and assumptions drawn about how the Supreme Court determinates whether or not a case will be allowed to be appealed or not.

# Efnisyfirlit

Dómaskrá.....	v
Lagaskrá .....	vii
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>1</b>
<b>2. Hæstiréttur Íslands í dómsskerfinu .....</b>	<b>2</b>
<b>2.1. Setning millidómstóls.....</b>	<b>3</b>
<b>2.2. Markmið lagasetningar um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar .....</b>	<b>3</b>
2.2.1 Minnka álag á Hæstarétti .....	3
2.2.2 Auka fordæmisgildi dóma Hæstaréttar .....	5
2.2.3 Nýtt hlutverk Hæstaréttar í dómsskerfinu .....	6
<b>2.3 Er veiting áfrýjunarleyfis raunverulega að minnka álag á Hæstarétti.....</b>	<b>7</b>
<b>3. Þriggja þrepa dómsskerfi.....</b>	<b>8</b>
<b>3.1 Staða Landsréttar og fordæmisgildi Landsréttardóma .....</b>	<b>8</b>
<b>3.2 Málsmeðferðartími í þriggja þrepa dómsskerfi.....</b>	<b>9</b>
<b>4. Málskotsheimildir til Hæstaréttar.....</b>	<b>10</b>
<b>4.1 Takmarkanir á málskotsheimildum til Hæstaréttar .....</b>	<b>11</b>
<b>4.2 Málskotsheimild beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar.....</b>	<b>11</b>
<b>4.3 Form dómssúrlausna Landsréttar með tilliti til málskotsheimilda .....</b>	<b>13</b>
<b>5. Skilyrði fyrir áfrýjun einkamála til Hæstaréttar .....</b>	<b>14</b>
<b>6. Skilyrði fyrir kæru á úrskurðum til Hæstaréttar í einkamálum.....</b>	<b>15</b>
<b>6.1 Sérstakar málskotsheimildir til Hæstaréttar í einkamálum .....</b>	<b>18</b>
6.2 Takmarkanir á kæruheimildum.....	20
<b>7. Skilyrði fyrir áfrýjun sakamála til Hæstaréttar .....</b>	<b>21</b>
<b>8. Skilyrði fyrir kæru á úrskurðum til Hæstaréttar í sakamálum .....</b>	<b>23</b>
<b>9. Áfrýjunarleyfi á Norðurlöndunum .....</b>	<b>25</b>
<b>9.1 Danmörk .....</b>	<b>26</b>
<b>9.2 Noregur .....</b>	<b>27</b>
9.2.1 Framkvæmd áfrýjunarleyfa í Noregi .....	30
<b>9.3 Svíþjóð.....</b>	<b>31</b>
<b>9.4 Samanburður við Ísland.....</b>	<b>31</b>

<b>10. Hvaða málum veitir Hæstiréttur áfrýjunarleyfi .....</b>	<b>33</b>
<b>10.1 Hæstiréttur mótar hvað felst í skilyrðum fyrir málskoti til Hæstaréttar .....</b>	<b>33</b>
<b>10.2 Mat á skilyrðum 176. gr. einkamálalaga um málskot dóma til Hæstaréttar .....</b>	<b>35</b>
10.2.1 Mat á því hvenær um sé að ræða sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis .....	35
10.2.2 Mat á því hvenær úrslit máls hafa verulegt almennt gildi .....	35
10.2.3 Mat á því hvenær málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti er stórlega ábótavant .....	39
10.2.4 Mat á því hvenær dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur og það hafi verulegt almennt gildi að fá endurskoðun Hæstaréttar .....	39
<b>10.3 mat á skilyrðum 2. mgr. 167. gr. einkamálalaga um málskot úrskurða Landsréttar til Hæstaréttar .....</b>	<b>40</b>
<b>10.4 Mat á skilyrðum 215. gr. sakamálalaga .....</b>	<b>41</b>
<b>11. Niðurstöður .....</b>	<b>42</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>46</b>

## **Dómaskrá**

### **Mannréttindadómstóll Evrópu**

*Guðmundur Andri Ástráðsson g. Íslandi* App no 26374/18 (ECHR, 12. mars 2019)

### **Hæstiréttur Íslands**

Hrd. 24. maí 2018 í máli nr. 10/2018

### **Ákvarðanir Hæstaréttar Íslands**

Hrd. 17. apríl 2018 ákvörðun nr. 2018-84

Hrd. 21. ágúst 2018 ákvörðun nr. 2018-150

Hrd. 21. ágúst 2018 ákvörðun nr. 2018-153

Hrd. 4. október 2018 ákvörðun nr. 2018-181

Hrd. 8. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-197

Hrd. 14. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-207

Hrd. 23. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-210

Hrd. 6. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-219

Hrd. 20. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-248

Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-257

Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-259

Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-262

Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-263

Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-264

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-23

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2018-268

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-5

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-6

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-7

Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-16  
Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-17  
Hrd. 31. janúar 2019 ákvörðun 2019-18  
Hrd. 31. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-24  
Hrd. 28. febrúar 2019 ákvörðun nr. 2019-71  
Hrd. 14. mars 2019 ákvörðun 2019-90  
Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun 2019-105  
Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-102  
Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-110  
Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-111  
Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-123  
Hrd. 6. maí 2019 ákvörðun nr. 2019-130

### **Ákvarðanir Hæstaréttar Noregs**

HR 2013 s. 435-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)  
HR 2018 s. 2262 (Norges Høyesteretts ankeutvalg)  
HR 2019 s. 699-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)  
HR 2019 s. 709-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)  
HR 2019 s. 2174-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg)

### **Lagmannsréttur Noregs**

LA 2017 s. 111634 (Agder lagmannsrett)  
LB 2017 s. 181429 (Borgarting lagmannsrett)  
LB 2018 s. 147038 (Borgarting lagmannsrett)  
LG 2018 s. 95302 (Gulating lagmannsrett)

### **Héraðsdómur Oslo**

TOSLO 2012 s. 61360 (Oslo tingrett)

## **Lagaskrá**

### **Íslensk lög**

Barnalög nr. 76/2003

Lög um aðför nr. 90/1989

Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) nr. 49/2016

Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar millidómstigs nr. 117/2016

Lög um dómstóla nr. 50/2016

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991

Lög um meðferð einkamála nr. 19/1991

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um nauðungarsölu nr. 90/1991

Lög um sammingsveð nr. 75/1997

Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

### **Brottfallin lög**

Lög um dómstóla nr. 15/1998

### **Lögskýringagögn**

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál

Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1694 – 874. mál

Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 670 – 783. mál

### **Norsk lög**

LOV-1981-05-22-25 Lov om rettergangsmåten i straffesaker (Straffeprosessloven)

LOV-2005-06-17-90 Lov om mekling og rettergang i sivile tvister (Tvisteloven)



## **Norsk lögskýringagögn**

Ot.prp.nr.51 (2004–2005) Om lov om mekling og rettergang i sivile tvister (tvisteloven) 2005

## **Dönsk lög**

LBKG 2017-09-22 nr 1101 Retsplejeloven

## **Sænsk lög**

Rättegångsbalk (1942:740)

# 1. Inngangur

Þann 1. janúar 2018 tók Landsréttur til starfa, en með því var sett á fót í fyrsta sinn millidómstig hér á landi og urðu miklar breytingar á dómstólaskipan Íslands þar sem dómstigunum fjölgaði úr tveimur í þrjú. Segja má að með setningu millidómstigs hafi Landsréttur tekið við starfi Hæstaréttar sem áfrýjunardómstóll og Hæstiréttur þar með fengið nýtt hlutverk í dómskerfinu. Með lögum nr. 49/2016 urðu lagabreytingar á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991<sup>1</sup> og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008<sup>2</sup>. Sett voru inn ný ákvæði í lögina sem setja þröng skilyrði fyrir því að skjóta málum til Hæstaréttar, en fram til þessa hafði Hæstiréttur verið eini áfrýjunardómstóll landsins. Nú hefur Hæstiréttur fengið nýtt hlutverk sem réttarskapandi dómstóll og fá mál aðeins meðferð fyrir dómnum að undangengnu áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti. Tilgangur þessarar ritgerðar er að komast að því hvaðan fyrirmyndin um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar kemur, hvaða skilyrði mál þurfi að uppfylla svo Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi og hvernig Hæstiréttur leggur mat á hvort þau skilyrði teljist vera uppfyllt. Að lokum verður tekið til skoðunar í hvaða tilvikum mál teljist uppfylla skilyrði um að fá áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Megin áherslan er lögð á í hvaða tilvikum áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar í einkamálum er veitt og verður því aðaláherslan lögð á þau en einnig stuttlega fjallað um áfrýjunarleyfi í sakamálum.

Í öðrum kafla er fjallað um stöðu Hæstaréttar Íslands í dómskerfinu og þær breytingar sem urðu á hlutverki réttarins með stofnun millidómstigs. Fjallað er um hvert markmið lagasetningarinnar um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar hafi verið, en þau voru meðal annars þau að minnka álag á Hæstarétti og auka fordæmisgildi dóma réttarins, ásamt því að gefa honum nýtt hlutverk í dómskerfinu. Ennfremur verður tekið til skoðunar hvort hlutverk Hæstaréttar um að taka ákvörðun um hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eða ekki hafi í raun minnkað álag á Hæstarétti eftir lagabreytinguna. Í þriðja kafla er fjallað um stöðu Landsréttardóma og fordæmisgildis þeirra auk þess sem fjallað er um málsmeðferðartíma með tilliti til þriggja þrepa dómskerfis. Í fjórða kafla eru málskotsheimildir til Hæstaréttar teknar til skoðunar ásamt því að fjalla um hvaða breytingar voru gerðar á lögum með tilliti til þeirra skilyrða sem sett eru fram í þeim um í hvaða tilvikum heimilt sé að skjóta máli til Hæstaréttar, einnig er fjallað um takmarkanir á málskotsheimildum og jafnframt þá sérstöku heimild til að skjóta máli beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar, ennfremur er fjallað um form dómsúrlausna Landsréttar með tilliti til málskotsheimilda, þ.e. hvort niðurstaða Landsréttar sé í formi úrskurðar eða dóms. Í fimmta

<sup>1</sup> Lög um meðferð einkamála nr. 19/1991 (frv. skammstafað eml.).

<sup>2</sup> Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008 (frv. skammstafað sml.).

kafla er fjallað um hver skilyrðin fyrir áfrýjun einkamála til Hæstaréttar eru. Í sjötta kafla er fjallað um skilyrðin fyrir kæru á úrskurðum til Hæstaréttar í einkamálum og farið yfir sérstakar kæruheimildir til Hæstaréttar í málum sem hafa afbrigðilega málsmeðferð. Í sjöunda kafla er fjallað um skilyrði áfrýjunar til Hæstaréttar í sakamálum. Í áttunda kafla er umfjöllun um skilyrðin fyrir kæru á úrskurðum til Hæstaréttar í sakamálum. Í níunda kafla er fjallað um hvaða reglur og lög gildi um áfrýjunarleyfi á Norðurlöndunum og farið yfir þær reglur sem gilda í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Fyrirmyndin um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar kemur frá Norðurlöndunum, en íslensku ákvæðin sækja helst fyrirmynd sína til Noregs og er því aðallega fjallað um skilyrði norsku ákvæðanna, túlkun þeirra og framkvæmd. Gerður verður samanburður á þeim lagareglum sem gilda um áfrýjunarleyfi annarsvegar á Norðurlöndunum og hinsvegar á Íslandi, en þó aðallega með tilliti til löggjafarinnar í Noregi. Í tíunda kafla er fjallað um í hvaða tilvikum Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi og hvernig hann leggur mat á hvort áfrýjunarleyfi skuli veitt eða ekki. Tekið verður til skoðunar hvor heimild til handa Hæstarétti um að móta skilyrðin sem þarf að uppfylla til að fá áfrýjunarleyfi fyrir réttinum séu of matskennd og rúm. Einnig verður tekið til skoðunar hve mörgum málum hefur verið veitt áfrýjunarleyfi frá lagabreytingunum 1. janúar 2018 og hvernig Hæstiréttur leggur mat á þau skilyrði sem fram koma í 176. gr. eml., 167. gr. eml. og 215. gr. sml., við matið á því hvort áfrýjunarleyfi skuli veitt eða ekki. Tekið verður til skoðunar hvernig Hæstiréttur túlkar ákvæðin, hvers konar mál það séu sem rétturinn veitir áfrýjunarleyfi og í hvaða málum hann telur ástæðu til að veita slíkt leyfi. Að lokum eru dregnar saman helstu niðurstöður ritgerðarinnar í 11. kafla. Stuðst var við sett lög, lögskýringagögn, framkvæmd ákvarðana um áfrýjunarleyfi og fræðiskrif, bæði hérlandis og erlendis við rannsóknina.

## **2. Hæstiréttur Íslands í dómskerfinu**

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og hefur aðsetur í Reykjavík. sbr. 1. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016.<sup>3</sup> Að jafnaði taka þrír dómarar í Hæstarétti ákvörðun um hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eða hvort kæra verði tekin til meðferðar fyrir réttinum og ræður þar meirihluti atkvæða, sbr. 4. mgr. 16. gr. dsl. Fimm dómarar taka þátt í meðferð máls fyrir Hæstarétti, en í sértaklega mikilvægum málum getur forseti ákveðið að sjö dómarar skipi dóminn, sbr. 1. mgr. 16. gr. dsl.

---

<sup>3</sup> Lög um dómstóla nr. 50/2016 (frv. skammstafað dsl.).

## 2.1. Setning millidómstóls

Tímamót urðu í íslensku dómsskerfi þegar samþykkt voru á Alþingi lög sem höfðu það að markmiði að stofna nýtt millidómstig, sbr. breytingarlög nr. 50/2016, um meðferð einkamála og meðferð sakamála nr. 49/2016<sup>4</sup> og lög um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar millidómstigs nr. 117/2016.<sup>5</sup> Stofnun Landsréttar breytti hlutverki Hæstaréttar að því leyti að nú er hann fyrst og fremst réttarskapandi dómstóll sem tekur aðeins grundvallar mál til meðferðar. Landsréttur hefur því tekið við hlutverki Hæstaréttar sem áfrýjunardómstóll, sbr. 2. gr. dsl.

## 2.2. Markmið lagasetningar um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar

### 2.2.1 Minnka álag á Hæstarétti

Fyrir setningu laganna var talið að allt of mikið álag hafi verið á Hæstarétti, sem hefði getað haft áhrif á hlutverk réttarins sem réttarskapandi dómstóll.<sup>6</sup> Þá hafi álagið verið svo mikið að ekki var hægt að fylgja málsmeðferðarreglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu á áfrýjunarstigi, þar sem það gæti komið niður á afköstum réttarins að taka skýrslur fyrir réttinum. En rétturinn hafði, í 3. mgr. 208. gr. þáverandi sml., heimild til þess að ómerkja héraðsdóma ef þeir töldu annmarka vera á sönnunarmati munnlegs framburðar og notaði rétturinn þessa heimild að miklu leyti.<sup>7</sup> Sú staðreynd að Hæstiréttur fylgdi ekki málsmeðferðarreglunni um milliliðalaus sönnunarfærslu með fullnægjandi hætti mátti rekja að miklu leyti til þess vinnuálags sem hefur verið á Hæstarétti síðustu ár.<sup>8</sup>

Ennfremur var hið mikla vinnuálag sem var á Hæstarétti vegna fjölda mála fyrir dómstólnum talið hafa áhrif á gæði dómsúrlausna vegna skamms tíma sem dómurinn hafði fyrir hvert og eitt mál sem rétturinn hafði til þess að komast að rökstuddri niðurstöðu. Því meiri sem afköst réttarins voru leiddi það til aukins vinnuálags og þar af leiðandi gafst minni tími til að vinna að úrlausn hvers og eins máls fyrir sig. Þetta var talið geta hafa haft þær afleiðingar að skorta myndi rök í niðurstöður dóma Hæstaréttar.<sup>9</sup>

---

<sup>4</sup> Lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) nr. 49/2016 (frv. skammstafað brl.).

<sup>5</sup> Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna stofnunar millidómstigs nr. 117/2016.

<sup>6</sup> Vinnuhópur um millidómstig, „Skýrsla vinnuhóps um millidómstig“ (Innanríkisráðuneytið 23. júní 2011) 40 <<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2011/06/24/Telja-full-rok-til-ad-stofna-millidomstig/>>.

<sup>7</sup> sama heimild 25.

<sup>8</sup> sama heimild 37.

<sup>9</sup> sama heimild 36.

Við stofnun Landsréttar var litið til þess hvernig skipun dómstóla á Norðurlöndunum væri og út frá því dregin sú ályktun að hægt væri að koma í veg fyrir að svona mörg mál fengju efnismeðferð fyrir Hæstarétti með því að stofna millidómstig hér á landi. Þá voru einnig hafðar til hliðsjónar gildandi reglur og lagaákvæði meðal annars frá Danmörku og Noregi.<sup>10</sup> Eitt af megin markmiði frumvarps til brl. var að takmarka möguleikann á að skjóta úrskurðum og dómum Landsréttar til Hæstaréttar í þeim tilgangi að minnka álagið á Hæstarétti.<sup>11</sup>

Til að ná fram því markmiði að sem fæst mál færu til Hæstaréttar var farin sú leið að hafa lagaákvæði sem kveða sérstaklega á um í hvaða tilvikum Hæstiréttur veitir málum áfrýjunarleyfi. Í ákvæðunum koma fram leiðbeinandi reglur sem Hæstiréttur hefur til hliðsjónar við mat á því hvort mál fái áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti. Í ákvæðunum kemur meðal annars fram að dóminum ber að líta til þess hversu stefnumarkandi málið er, hve miklir hagsmunir eru í húfi og svo frv. Við setningu laganna var 152. gr. eldri sml., höfð til hliðsjónar,<sup>12</sup> en þar var kveðið á um að ef mál varðaði annars konar kröfu en fjárkröfu, þ.e. fjárkrafan náði ekki því lágmarki sem miðað var við þannig að heimilt væri að áfrýja málinu, þá gat rétturinn samt orðið við umsókn um leyfi áfrýjunar ef skilyrðum sem kveðið var á um í 4. mgr. 152. gr. var fullnægt. Í ákvæðinu var kveðið á um, í fyrsta lagi í a. lið. að úrslit málsins þurftu að hafa verulegt almennt gildi, í öðru lagi samkvæmt b. lið. þá þurftu úrslit málsins að varða mikilvæga hagsmuni þess er leitar áfrýjunarleyfis og í þriðja lagi var kveðið á um í c. lið. að ekki væri útilokað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að dómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi.

Við vinnslu frumvarps að brl. var gert ráð fyrir því að með lagabreytingunni myndi álag á Hæstarétti minnka og yrði það til þess að meiri tími gæfist í hvert mál til að rökstyðja niðurstöður hvers og eins dóms. Þá var talið líklegt að dómar Hæstaréttar myndu hafa enn meira fordæmisgildi ásamt því að traust til réttarkerfisins hér á landi myndi verða meira með stofnun millidómstigs. Hæstiréttur sinnti áður bæði því hlutverki að vera áfrýjunardómstóll, ásamt því að vera æðsti dómstóll landsins sem kveða átti upp fordæmisgefandi dóma. Markmið lagabreytinganna var að auka enn frekar réttarskapandi hlutverk Hæstaréttar, með því að fækka þeim málum sem áfrýjað væri til Hæstaréttar umtalsvert.<sup>13</sup>

---

<sup>10</sup> sama heimild 47. Sjá nánari umfjöllun í köflum 9.1 Danmörk og 9.2 Noregur.

<sup>11</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>12</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 47.

<sup>13</sup> sama heimild 49.

### 2.2.2 Auka fordæmisgildi dóma Hæstaréttar

Hæstiréttur er eftir brl. æðsti dómstóll landsins og er eitt meginhlutverk hans að vera réttarskapandi dómstóll.<sup>14</sup> Fyrir lagabreytinguna og setningu Landsréttar var talið að veruleg þörf væri á að styrkja fordæmishlutverk Hæstaréttar enn frekar en það var. Með því var verið að vísa til mikilvægi þess hlutverks réttarins að kveða upp fordæmisgefandi dóma sem litið væri til sem gildandi fordæmis í íslenskum rétti. Líkt og áður hefur verið komið inn á var talin vafi leika á því hvort hæstaréttardómarar hefðu í raun nægan tíma til að komast að niðurstöðu sem yrði fordæmisgefandi að öllu leyti, en hefði ekki aðeins leiðbeinandi áhrif um það hvernig túlka ætti viðkomandi ákvæði eða reglu í einu ákveðnu máli. Þar sem traust til Hæstaréttar sem fordæmisgefandi dómstóls var ekki talið vera fullnægjandi var það metið svo að með setningu millidómstigs myndi traust til réttarins og niðurstöðu dóma Hæstaréttar aukast, sem og fordæmisgildi þeirra.<sup>15</sup>

Telja verður að réttarskapandi hlutverk Hæstaréttar hafi styrkst eftir setningu brl., þar sem það voru taldir vera ágallar á réttarkerfinu á Íslandi að hafa ekki millidómstig, þeir ágallar höfðu leitt til þess að fordæmisgildi dóma Hæstaréttar var orðið minna í ljósi þess hve mikið álag var á réttinum. Með auknu álagi var hætta á því að dómar réttarins hefðu haft misjafna stefnu í niðurstöðum sínum og fordæmisgildi dóma Hæstaréttar því ekki alltaf nægilega skýrt. Af þeim sökum var talið að réttarskapandi áhrif dóma Hæstaréttar hefðu þar með haft minna gildi en ætlast væri almennt til af æðsta dómstól landsins. Þar sem aðeins voru tvö dómstig hér á landi fóru óhóflega mörg mál til Hæstaréttar og var því talin vera brýn þörf á úrbótum á dómstólaskipan landsins til að sporna við þessari þróun með setningu millidómstigs.<sup>16</sup>

Eftir setningu brl., þarf aðili máls að óska sérstaklega eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar með málskoti til réttarins og er það rétturinn sjálfur sem leggur mat á það hvort skilyrði til áfrýjunarleyfis teljist vera uppfyllt. Með þessu fyrirkomulagi er Hæstarétti gert kleift að ákveða hvaða málum er veitt áfrýjunarleyfi á grundvelli þeirra skilyrða sem fram koma í 176. gr. eml., 167. gr. eml. og 215. gr. sml.<sup>17</sup> Með þessu fyrirkomulagi fækkar málum töluvert sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti. Er Hæstiréttur því nú talin geta sinnt til hlítar því hlutverki sínu að

<sup>14</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>15</sup> Róbert Ragnar Spanó, „Er Hæstiréttur „hæstiréttur“?“ (2007) 57 (4) Tímarit lögfræðinga 339, 339–343.

<sup>16</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>17</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 43.

vera æðsti dómstóll á áfrýjunarstigi með því að samræma niðurstöður réttarins og byggja upp fordæmisgefandi dómstól þar sem fordæmisgildi dóma hans hafi enn meira vægi en þeir höfðu áður.<sup>18</sup> Tekið skal fram að það er þó enn heimild til þess að skila sératkvæði í dómum Hæstaréttar, sbr. 2. og 3. mgr. 189. gr. eml., en sératkvæði dómara dregur úr fordæmisgildi dóms andstætt því þegar dómara koma sér saman um niðurstöðu dóms með rökstuðningi.<sup>19</sup>

Ljóst er af ofangreindu að markmið brl. var að Hæstiréttur yrði fordæmisgefandi dómstóll í þeim skilningi að hann yrði „Hæstiréttur“, þ.e. æðsti dómstóll landsins. En dregið hafði verið í efa að hann hefði vegna mikilla anna getu til að sinna því hlutverki með fullnægjandi hætti áður en þriggja þrepa dómskerfi var tekið upp hér á landi með brl.<sup>20</sup>

### 2.2.3 Nýtt hlutverk Hæstaréttar í dómskerfinu

Hæstiréttur Íslands og hlutverk hans hefur breyst til muna eftir setningu Landsréttar og telja má að í raun sé nú um nýjan dómstól að ræða, æðsta dómstól landsins, í þriggja þrepa dómskerfi.<sup>21</sup> Umtalsverðar breytingar urðu á eml. og sml. vegna þessa nýja hlutverks Hæstaréttar og stofnunar Landsréttar sem hafa varanleg áhrif á allt dóms- og réttarvörslukerfið á Íslandi til frambúðar.<sup>22</sup>

Ein af megin breytingunum á hlutverki Hæstaréttar felst í því að nú er hlutverk hans að taka afstöðu til þess hvort veita eigi málum áfrýjunarleyfi, sbr. 4. mgr. 16. gr. dsl. Hæstiréttur hefur nú það hlutverk að túlka og leggja mat á það hvaða mál og hvaða skilyrði mál þurfi að uppfylla til þess að fá áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar.<sup>23</sup> Nú koma aðeins til Hæstaréttar mál sem eru stefnumarkandi, hafa verulegt almennt gildi, varða mikilvæga hagsmuni málsaðila eða mál þar sem Hæstiréttur telur niðurstöðu dóma héraðsdóms eða Landsréttar ekki vera nægilega rökstudda eða að lagatúlkun sé ábótavant og einnig ef dómur telst bersýnilega rangur að formi eða efni.<sup>24</sup>

---

<sup>18</sup> sama heimild 49.

<sup>19</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 29. gr.

<sup>20</sup> Gunnar Páll Baldvinsson, „Verður Hæstiréttur „Hæstiréttur“?: um starfsaðstæður Hæstaréttar Íslands í fortíð og framtíð“ (2018) 68 (2) Tímarit Lögfræðinga 203, 205–206.

<sup>21</sup> Sigurður Tómas Magnússon, „Nýtt millidómstig“ (2017) 13 Tímarit lögréttu 50, 90.

<sup>22</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616 mál.

<sup>23</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 99–100.

<sup>24</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

Þróunin á Norðurlöndum hefur sýnt fram á að mun færri mál koma til kasta Hæstaréttar frá millidómstiginu, heldur en komu beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar áður en millidómstigi var komið á fót í löndunum. Af því má draga þá ályktun að sama þróun muni verða hér á landi með vísan til þeirra lagaákvæða sem nú gilda um áfrýjunarleyfi og eru í samræmi við þær reglur sem gilda á Norðurlöndunum.<sup>25</sup> Það má því leiða líkum að því að sama þróun verði hér á landi, þ.e. að færri mál muni koma til efnismeðferðar fyrir Hæstarétti og það verði til þess að hafa jákvæð áhrif á gæði dómsúrlausna Hæstaréttar. Dómarar munu hafa meiri tíma til að komast að rökstuddum niðurstöðum og rétturinn hafa tök á því að starfa í samræmi við nýtt hlutverk sitt sem réttarskapandi og fordæmisgefandi dómstóll.

### **2.3 Er veiting áfrýjunarleyfis raunverulega að minnka álag á Hæstarétti**

Telja verður að til að byrja með muni Hæstiréttur þurfa að leggja mikla vinnu í að ákvarða hvenær mál teljist uppfylla skilyrði til áfrýjunar, sérstaklega á meðan framkvæmdin er að mótast og þróast. Hæstaréttardómarar muni þurfi að eyða miklum tíma og vinnu í að fara yfir allar umsóknir um áfrýjunarleyfi. Vinna þeirra liggur því ekki aðeins í þeim málum sem veitt er áfrýjunarleyfi þar sem Hæstiréttur verður að taka hverja málskotsbeiðni fyrir sig til meðferðar og taka rökstudda afstöðu til þess hvort veita beri áfrýjunarleyfi eða ekki.<sup>26</sup>

Þetta gæti komið niður á réttarskapandi hlutverki dómsins og því markmiði að efla eigi fordæmisgildi hæstaréttardóma með nýju brl., þar sem dómarar þurfa að rökstyðja ástæður synjunar á áfrýjunarleyfi og það taka tæplega helmingur dómara við Hæstarétt þátt í að taka afstöðu til þess hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eða ekki. Í Svíþjóð er lögð gríðarleg áhersla á hlutverk Hæstaréttar sem fordæmisgefandi dómstól, þar tekur aðeins einn dómari ákvörðun um umsókn áfrýjunarleyfis, en heimild er til þess að þrír dómarar taki ákvörðunina ef mál er flókið. Ekki er þörf á að rökstyðja ákvörðun um synjun áfrýjunarleyfis og eru aðeins birtar þær ákvarðanir þar sem áfrýjunarleyfi er veitt. Öðru máli gegnir í Noregi þar sem allar málskotsbeiðnir eru birtar.<sup>27</sup>

---

<sup>25</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 47–48. Sjá umfjöllun í kafla 9.

<sup>26</sup> sama heimild 39–40.

<sup>27</sup> Jørn Øyrehaugen Sunde, „From Courts of Appeal to Courts of Precedent—Access to the Highest Courts in the Nordic Countries“ í Cornelis Hendrik van Rhee og Yulin Fu (ritstj.), *Supreme Courts in Transition in China and the West: Adjudication at the Service of Public Goals* (Springer International Publishing 2017) 73–74 <[https://doi.org/10.1007/978-3-319-52344-6\\_4](https://doi.org/10.1007/978-3-319-52344-6_4)> skoðað 29. apríl 2019.



### 3. Þriggja þrepa dómskerfi

#### 3.1 Staða Landsréttar og fordæmisgildi Landsréttardóma

Heimilt er að skjóta úrskurðum og dómum héraðsdómstóla til Landsréttar, sbr. 2. gr. dsl. Dómar Landsréttar eru endanlegir í langflestum málum sem rétturinn leysir úr. Aðila máls er þó ávallt heimilt að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. En tekið skal fram að Hæstiréttur tekur þó ávallt ákvörðun um hvort áfrýjunarleyfi sé veitt, sbr. 176. gr. eml., 167. gr. eml. og 215. gr. sml.

Landsréttur sinnir nú því hlutverki að vera áfrýjunardómstóll, en Hæstiréttur gegndi því hlutverki fyrir brl. Út frá þessari breytingu á dómstólaskipan er vert að skoða réttarheimildalega stöðu dóma Landsréttar í þessu samhengi. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar í Danmörku eru dómar Hæstaréttar taldir hafa talsvert meira fordæmisgildi en dómar Landsréttar Danmörku. En dómar Landsréttar í Danmörku eru aftur á móti taldir hafa meira fordæmisgildi en héraðsdómar. Af þessu má draga þá ályktun að því æðri sem dómstóllinn er í dómskerfinu því meira fordæmisgildi hafi hann.<sup>28</sup> Hvað varðar óáfrýjaða dóma Landsréttar, þá hafa þeir fordæmisgildi bæði fyrir Landsrétti og héraðsdómi, en ekki fyrir Hæstarétti. Þá ber einnig að líta til þess að talið er að ef Hæstiréttur hafnar málskotsbeiðni til réttarins, þ.e. synjar um útgáfu áfrýjunarleyfis, þá styrki það fordæmisgildi dóms Landsréttar.<sup>29</sup>

Hæstiréttur hefur ekki heimild til að endurskoða sönnunarmat munnlegra framburða á fyrri dómstigum, sbr. 5. mgr. 215. gr. sml., það hlutverk er í höndum Landsréttar að endurskoða það sönnunarmat að öllu leyti.<sup>30</sup> Það sama á við um úrskurði er varða tilteknar þvingunarráðstafanir, þar á meðal gæsluvarðhald, en ekki er hægt að sækja um leyfi til að skjóta þeim úrskurðum til Hæstaréttar. Talið er að um fullnægjandi réttarvernd sé að ræða ef aðeins er um málskot til Landsréttar á þess konar úrskurðum að ræða, þar sem önnur framkvæmd gæti orðið til þess að tefja mál óhóflega ef einnig væri heimilt að skjóta þeim til Hæstaréttar.<sup>31</sup>

---

<sup>28</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 92.

<sup>29</sup> sama heimild.

<sup>30</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 20. gr.

<sup>31</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 70.

Af þessu má draga þá ályktun að þar sem Landsréttur kveður nú upp endanlega dóma í meirihluta dómsmála á Íslandi sé talið að dómar réttarins hafi fullt fordæmisgildi og réttarskapandi áhrif bæði fyrir Landsrétti og héraðsdómi.<sup>32</sup>

### 3.2 Málsmeðferðartími í þriggja þrepa dómskerfi

Við gerð frumvarps að brl. var það haft að markmiði að reyna að koma í veg fyrir lengri málsmeðferðartíma, þó svo að við myndi bætast nýtt millidómstig. Það var gert með því að stytta áfrýjunarfrestinn til muna og hafa kæru- og áfrýjunarheimildir til Hæstaréttar mjög þröngar.<sup>33</sup>

Í 1. mgr. 153. gr. laga um meðferð einkamála hefur með setningu Landsréttar áfrýjunarfresturinn verið stytur úr þremur mánuðum í fjórar vikur og er fresturinn hinn sami hvort sem áfrýja á máli frá héraðsdómi til Landsréttar eða frá Landsrétti til Hæstaréttar. Þessi frestur er í samræmi við þann frest sem gefinn er í málum á Norðurlöndunum.<sup>34</sup>

Talið er að þrátt fyrir að nú séu komin þrjú dómstig, þá geri styttri áfrýjunarfrestir það að verkum að málsmeðferðartíminn almennt styttest miðað við hvernig hann var fyrir lagabreytingarnar. Einnig með tilliti til þess að færri mál munu nú fara alla leið til Hæstaréttar. Þrátt fyrir það munu að öllum líkindum þau mál sem fara til Hæstaréttar taka lengri tíma en fyrir lagabreytingar.<sup>35</sup> Möguleikinn að fá efnismeðferð á þremur dómstigum mun að öllum líkindum leiða það af sér að lengri tími muni líða þar til dómsniðurstaða Hæstaréttar liggur fyrir. Einnig vegna þess að nú þarf að óska sérstaklega eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og það tekur tíma að fá úr því skorið hvort áfrýjunarleyfi er veitt eða ekki.<sup>36</sup> Þegar litið er til þess hve langan tíma mál tekur, ef það fær áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti og horft er á málið frá sjónarhorni aðila máls í sakamáli, getur verið íþyngjandi að þurfa að þola málsmeðferð á þremur dómstigum og endurtaka allt á ný til þess að skýra lagaleg atriði.<sup>37</sup>

---

<sup>32</sup> sama heimild 92.

<sup>33</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>34</sup> Sjá nánar í kafla nr. 9.1.

<sup>35</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>36</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 87.

<sup>37</sup> Jens Edvin A Skoghøy, „Anketillatelse til Norges Høyesterett“, *Festskrift til Lars Heuman* (Jure Förlag 2008) 3.5 <<https://lovdata.no/pro/JUS/skoghoy-je-2008-03>>.

Einnig er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 167. gr. eml. að Hæstiréttur geti í öllum kærumálum synjað um að taka kærufni til meðferðar, skv. 1. og 2. mgr. 167. gr., á öllum stigum máls ef rétturinn telur kærana tilgangslausa eða aðeins fram komna til þess að tefja málsmeðferðina. Þetta ákvæði er sett með það að markmiði að ekki sé hægt að tefja mál um of langan tíma að óþörfu með því að skjóta því til Hæstaréttar.<sup>38</sup>

#### 4. Málskotsheimildir til Hæstaréttar

Í brl. var bætt við köflum XXVI og XXVII í eml., þar sem koma fram heimildir til kærú og áfrýjunar til Hæstaréttar. Einnig voru settir tveir nýir kaflar í sml. Kafli XXXII þar sem kveðið er á um kærúheimild til Hæstaréttar og kafli XXXIII, þar sem kveðið er á um áfrýjun til Hæstaréttar. Einnig voru gerðar breytingar á hinum ýmsu lögum, með setningu laga nr. 117/2016, hvað varðar áfrýjunar- og kærúheimildir til Hæstaréttar.<sup>39</sup>

Miklar breytingar hafa verið gerðar á málskotsheimildum til Hæstaréttar. Réttur til áfrýjunar máls til Hæstaréttar er takmarkaður að því leyti að óska þarf sérstaklega eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar til að fá málinu skotið til réttarins, sbr. 176. gr. eml. og 215. gr. sml. En markmiðið með að hafa slíkan háttinn á var meðal annars sá að sem fæst mál færu til Hæstaréttar og eru því einnig þröngar skorður settar fyrir því að kæra úrskurði Landsréttar um réttarfarságreiningu til Hæstaréttar, sbr. 167. gr. eml. og 211. gr. sml.<sup>40</sup> Hæstiréttur mun þá að fengnu áfrýjunarleyfi taka afstöðu til lagaatriða og ákvörðun refsingar í dómum sínum.<sup>41</sup> Flest öll dómsmál fara nú aðeins til Landsréttar frá héraðsdómi sem verður til þess að aðilar máls óska í færri tilfelloum eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar sem mun að öllum líklegum leiða til þess að markmiði brl. verði náð um að tiltölulega fá mál fái efnismeðferð á þremur dómstigum eftir setningu Landsréttar.<sup>42</sup>

---

<sup>38</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 29. gr.

<sup>39</sup> sama heimild.

<sup>40</sup> sama heimild.

<sup>41</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 6.

<sup>42</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 62–63. Sjá nánari umfjöllun í kafla 10 um skilyrði fyrir veitingu áfrýjunarleyfis og mat á því hvenær um sé að ræða sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis.

#### 4.1 Takmarkanir á málskotsheimildum til Hæstaréttar

Málskot til Hæstaréttar er nú háð þeim takmörkunum að áfrýjunarleyfi þarf frá réttinum til að mál fái efnismeðferð fyrir Hæstarétti, sbr. 176. gr. eml. og 215. gr. sml. Ekki er heimild fyrir því að fá máli skotið til Hæstaréttar ef leggja á mat á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi eða Landsrétti, sbr. c. lið. 215. gr. sml., sbr. 5. mgr. 215. gr. Tekið skal fram að dómarrar Landsréttar taka lokaákvörðun um það hvort spila skuli upptökur fyrir réttinum og eru þær ákvarðanir ekki kærnanlegar til Hæstaréttar, sbr. 3. mgr. 204. gr. sml.<sup>43</sup> Þessar takmarkanir eru að miklu leyti vegna þess að ef of auðvelt væri að skjóta máli á þriðja dómstig og þar með æðsta dómstig, gæti það komið niður á gæðum dómsúrlausna og kerfinu sjálfu í heild meðal annars með tilliti til málshraðareglunnar.

Í fyrsta lagi á í langflestum tilvikum að vera nóg að fá endurskoðun frá einu æðra dómstigi, þ.e. Landsrétti á úrskurðum héraðsdóms er varða réttarfarsatriði. Í öðru lagi er verið að koma í veg fyrir of mikið álag á Hæstarétti og í þriðja lagi er verið að sporna gegn of miklum töfum á málsmeðferð fyrir Landsrétti og héraðsdómi. Hvað þessar takmarkanir varða er þó ekki talið vænlegt til árangurs að Hæstarétti gefist ekki eins mörg tilefni til að túlka réttarfarsákvæði, sem um er deilt á lægri dómstigum. Af þeirri ástæðu er heimilt að skjóta frávísunarúrskurðum til Hæstaréttar með kæru án kæruleyfis, sbr. a. liður. 1. mgr. 167. gr. eml. og a. liður. 1. mgr. 211. gr. sml. Í þeim tilvikum er heimild til handa réttinum að leggja mat á og taka afstöðu til réttarfarsatriða í þeim málum. Rétturinn getur gert það annað hvort með athugasemd eða ómerkt dóma ef um verulega annmarka er að ræða á málsmeðferðinni fyrir héraðsdómi eða Landsrétti.<sup>44</sup> Í undantekningartilvikum er málsaðilum því veitt heimild til að kæra í einka- og sakamálu réttarfarsatriði og atriði sem við koma málsmeðferð fyrir Landsrétti til Hæstaréttar, sbr. 1. mgr. 167. gr. eml. og 211. gr. sml. Með fullgildingu á Mannréttindasáttmála Evrópu er aðildarríkjunum gefið ákveðið svigrúm til að ákveða til hvaða atriða áfrýjunarrétturinn taki<sup>45</sup> og er af þeim sökum ekki talið að þessar takmarkanir séu of miklar.<sup>46</sup>

#### 4.2 Málskotsheimild beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar

Í 175. gr. eml. er kveðið á um að hægt sé að óska eftir áfrýjunarleyfi beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar, en það er aðeins veitt ef þörf er á niðurstöðu Hæstaréttar með skjótum hætti. Í

<sup>43</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 20. gr.

<sup>44</sup> sama heimild.

<sup>45</sup> Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 (frv. skammstafað MSE).

<sup>46</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 18.

þeim tilvikum þarf mál að uppfylla eitt af eftirfarandi skilyrðum: í fyrsta lagi að niðurstaða málsins geti verið fordæmisgefandi, í öðru lagi haft almenna þýðingu fyrir beitingu réttarreglna eða í þriðja lagi hafi verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti. Tekið skal fram að slíkt leyfi er til dæmis ekki veitt ef aðili máls telur þörf á að leiða vitni í málinu, þar sem ekki er heimild fyrir vitnaskýrslum í Hæstarétti. Dómstóllinn sker heldur ekki úr ágreiningi um sönnunarmat munnlegs framburðar á lægri dómstigum, sbr. 3. mgr. 175. gr.<sup>47</sup> Skilyrðin fyrir slíku leyfi eru því afar þröng og verður að telja að þau séu ekki veitt nema í undantekningatilfellum og ef talið er að um brýna nauðsyn sé fyrir því að Hæstiréttur taki afstöðu til álitaefnisins. Telja verður að leyfið verði aðeins veitt í veigamiklum málum og ef um lagatúlkana er að ræða, sem skjót þörf er á niðurstöðu um. Þá verður einnig að telja að við matið verði einnig horft til þess hvort málið hefði að lokum komið til Hæstaréttar, ef leyfið hefði ekki verið veitt í fyrstu.<sup>48</sup> Tekið skal fram að þessi heimild er aðeins í einkamálum en ekki sakamálum.<sup>49</sup>

Ef óskað er eftir slíku leyfi verður það koma fram í áfrýjunarstefnu, sem send er til Landsréttar innan þess frests sem gefinn er til að áfrýja málum til Landsréttar. Í þessum tilvikum er gefin út áfrýjunarstefna til Landsréttar með almennum hætti. En ósk aðila um að skjóta málinu strax til Hæstaréttar kemur þá þar fram ásamt meðfylgjandi áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar sjálfs, sbr. 2. mgr. 175. gr. eml.<sup>50</sup> Ef Hæstiréttur hafnar slíkri ósk skal áfrýjandi þá tilkynna Landsrétti það og eftir atvikum óska eftir því að áfrýjunarmáli verði haldið áfram fyrir Landsrétti, sbr. 2. mgr. 175. gr. Í 179. gr. eru talin upp þau atriði sem fram þurfa að koma í áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar.

Með brl. voru gerðar breytingar á ákvæðum í löggjöfinni hvað varðar málskotsheimildir beint til Hæstaréttar á grundvelli 175. gr. eml., þar á meðal á ákvæðum eml. Bætt var h. lið. við 1. mgr. 155. gr. eml., þar sem kveðið er á um heimild til handa aðila máls að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja máli beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar. Ef aðili hyggst nýta þessa heimild þarf aðili máls að gefa út áfrýjunarstefnu til Landsréttar og er það gert í þeim tilgangi að rjúfa áfrýjunarfrest.<sup>51</sup>

<sup>47</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>48</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 72.

<sup>49</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>50</sup> sama heimild, athugasemdir við 29. gr.

<sup>51</sup> sama heimild, athugasemdir við 19. gr.

Telja verður að þessi heimild verði veitt í afar fáum tilfellum, þar sem um verulega flókna framkvæmd er að ræða og aðeins óskað eftir slíku áfrýjunarleyfi ef málið þolir litla sem enga töl.<sup>52</sup> Sem minnstar tafir mega verða á málinu ef Hæstiréttur hafnar leyfinu og skal Landsréttur þá taka málið fyrir, ef aðili kys það og halda málsmeðferð áfram fyrir Landsrétti.<sup>53</sup>

### 4.3 Form dómsúrlausna Landsréttar með tilliti til málskotsheimilda

Í eldri eml. var í 1. og 2. mgr. 164. gr. og í 2. mgr. 207. gr. eldri sml. var kveðið á um að Hæstiréttur leysti úr öðrum atriðum en þeim er vörðuðu rekstur málsins með dómi, ekki skipti máli hvort var um kærumál eða einkamál að ræða. Nú kveður Landsréttur upp úrskurði í kærumálum sem koma til vegna réttarfarságreinings fyrir héraðsdómi en ekki með dómi, líkt og Hæstiréttur gerði samkvæmt eldri lögum. Ástæðan er sú að að heimilt er að skjóta tilteknum dómsniðurstöðum Landsréttar um réttarfarságreining fyrir héraðsdómi með kæru til Hæstaréttar. Er það leyst með þeim hætti að úrskurðir eru kveðnir upp í Landsrétti þegar um þess konar dómsniðurstöður er að ræða svo það sé hægt að halda í sama fyrirkomulag um að heimilt sé að kæra úrskurði til æðri dóms í slíkum tilvikum í stað þess að aðili máls þurfi að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, sbr. 2. mgr. 164. gr. eml. og 2. mgr. 207. gr. sml.<sup>54</sup>

Til að ná fram þessu markmiði voru gerðar breytingar á 164. gr. eml. með brl., en þær snúa að mestu leyti að því hvað form og efni dómsúrlausna Landsréttar varðar. En það var talið nauðsynlegt að gera þessar breytingar þegar litið er til þess hvort unnt sé að skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar með kæru eða áfrýjun.<sup>55</sup> Í 1. mgr. 164. gr. eml., er nú kveðið á um að ef Landsréttur er að takast á við atriði er varða rekstur málsins fyrir réttinum, verði sú niðurstaða að vera í formi ákvarðana, en þó í formi rökstuddra úrskurða í þeim tilvikum sem hægt er að skjóta dómsathöfninni til Hæstaréttar.

Fram kemur í frumvarpi að brl., varðandi 2. mgr. 164. gr. eml., að:

meginreglan verði sú að Landsréttur kveði upp úrskurð í kærumáli nema mælt sé fyrir um í öðrum lögum að kveða eigi upp dóm. Þannig er gert ráð fyrir að úrskurðir séu að jafnaði kveðnir upp í kærumálum þar sem skotið er til réttarins úrskurðum héraðsdóms um réttarfarsatriði í almennum einkamálum. Ástæðan fyrir því að lagt er til að kærumál af þessu tagi verði til lykta leidd með úrskurði er fyrst og fremst sú að gert er ráð fyrir að unnt verði að skjóta sumum af þessum dómsathöfnum til Hæstaréttar með kæru og því þykir eðlilegra að kveðinn sé

<sup>52</sup> sama heimild.

<sup>53</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 72–73.

<sup>54</sup> Alþt. 2015–2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 15. gr.

<sup>55</sup> sama heimild, athugasemdir við 26. gr.

upp úrskurður í Landsrétti. Þannig verður almenna reglan áfram sú að úrskurðir verði kærnanlegir til æðri réttar en dómur áfrýjanlegir.<sup>56</sup>

Þegar gæta þarf þeirra hagsmuna að endanleg niðurstaða fáiast í máli, með skjótum hætti, er hafður sá hátturinn á að í kærnumáli fyrir Landsrétti er kveðinn upp úrskurður. Þá er í undantekningartilfellum hægt að óska eftir kæruleyfi til Hæstaréttar til þess að kæra úrskurð Landsréttar vegna slíks ágreiningsmáls, sbr. 2. mgr. 167. gr. eml. Kveðið er á um í 2. mgr. 167. gr. eml., að „Feli úrlausn Landsréttar í áfrýjunarmáli í sér lyktir máls án þess að það hafi verið flutt um efni skal kveðinn upp úrskurður.“ Ástæðan fyrir þessu fyrirkomulagi er aðallega sú að hægt sé að kæra þessar niðurstöður til Hæstaréttar. Tekið skal fram að hægt er að kæra frávisun að hluta til Hæstaréttar, þótt niðurstaðan komi fram í dóminum.<sup>57</sup>

## 5. Skilyrði fyrir áfrýjun einkamála til Hæstaréttar

Nýr kafli nr. XXVII var settur í eml. með brl., þar sem kveðið er á um áfrýjun mála til Hæstaréttar Íslands. Í kaflanum koma fram ný skilyrði sem ekki hafa verið í gildi hér á landi áður. Skilyrðin samsvara því nýja hlutverki sem Hæstiréttur á að þjóna, þ.e. að vera réttarskapandi dómstóll. Fram kemur í þeim kafla eml. að heimilt sé að uppfylltum þröngum skilyrðum, að áfrýja héraðsdómi beint til Hæstaréttar, sbr. 175. gr. eml.<sup>58</sup> Einnig er kveðið á um að ávallt þurfi áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti til þess að mál fái efnismeðferð fyrir réttinum, ekki skiptir máli hvort mál hafi áður verið dæmt af Landsrétti eða aðeins af héraðsdómi.<sup>59</sup>

Samkvæmt 176. gr. eml. eru skilyrðin þau að:

heimilt að óska eftir leyfi til að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar. Hæstiréttur ákveður hvort orðið verði við umsókn um áfrýjunarleyfi og skal við mat á því líta til þess hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni.

Hæstiréttur metur hvort mál uppfylli eitt af þessum skilyrðum, sem fram koma í greininni. Samkvæmt 176. gr. eml. er í raun heimilt að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar að uppfylltu

<sup>56</sup> sama heimild.

<sup>57</sup> sama heimild.

<sup>58</sup> Sjá umfjöllun í kafla 4.1.

<sup>59</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 29. gr. Sjá umfjöllun í kafla 10 um það í hvaða málum Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi.

að minnsta kosti einu af skilyrðunum sem þar fram koma. Skilyrðin varða það hvert sakarefnið er hverju sinni fyrir aðila máls eða hversu verulegt almennt gildi niðurstaða málsins hefur. Þá er aðila máls heimilt að leita áfrýjunarleyfis, ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð hafi verið stórlega ábótavant, annaðhvort fyrir héraðsdómi eða Landsrétti. Ásamt því að leiðrétta niðurstöður Landsréttar sem eru bersýnilega rangar að formi eða efni.<sup>60</sup>

Ef aðili ætlar að sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar verður að fylgja þeim fresti er fram kemur í 177. gr. eml., en fresturinn er fjórar vikur frá uppkvaðningu dóms Landsréttar.<sup>61</sup> Það er þó undantekning frá þessum áfrýjunarfresti og birtist hann í 2. mgr. 177. gr. En hann er aðeins veittur ef dráttur á að sækja um áfrýjunarleyfi er nægilega réttlætanagerur. Undantekningarnar eru sambærilegar þeim sem kveðið var á um í 2. mgr. 153. gr. eldri eml. og þá að sama skapi samsvarar 3. mgr. 177. gr. núgildandi laga, 3. mgr. 153. gr. eldri eml., er varðar gagnáfrýjun mála fyrir Hæstarétti.<sup>62</sup>

Aðili sem óskar eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar, hvort sem það er samkvæmt. 175. gr. eða 176. gr. eml., skal senda Hæstarétti skriflega umsókn ásamt áfrýjunarstefnu. Umsóknin skal vera rökstudd að því leyti sem leyfisbeiðandi telur skilyrðum fyrir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar fullnægt, sbr. 1. mgr. 178. gr. eml. En í 179. gr. er talið upp það sem fram þarf að koma í áfrýjunarstefnu til Hæstaréttar. Það er einungis einu sinni hægt að sækja um leyfi fyrir hvert dómsmál ef synjað er um áfrýjunarleyfið, sbr. 3. mgr. 178. gr. eml. Hæstiréttur skal tilkynna um það bréflega ef synjað er um áfrýjunarleyfi og greina frá ástæðum synjunarinnar í þeirri tilkynningu, sbr. 5. mgr. 178. gr. eml.<sup>63</sup>

## **6. Skilyrði fyrir kærui á úrskurðum til Hæstaréttar í einkamálum**

Í kafla XXVI. eml., sem var settur inn í lögin með brl., er fjallað um kærui á úrskurðum frá Landsrétti til Hæstaréttar. En í 167. gr. eml. er kveðið á um kæruiheimildir til Hæstaréttar. Talið var við gerð frumvarps til brl. að málskot til Hæstaréttar skyldi vera bæði í formi kærui og áfrýjunar, eins og var með málskot til Hæstaréttar samkvæmt áðurgildandi lögum, án þeirra takmarkana sem nú gilda. Frestur til þess að kærui úrskurði til Hæstaréttar er styttri en

---

<sup>60</sup> sama heimild.

<sup>61</sup> sama heimild, athugasemdir við 18. gr.

<sup>62</sup> sama heimild, athugasemdir við k. lið. 2. mgr. 29. gr.

<sup>63</sup> Sjá nánari umfjöllun um skilyrði áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar Íslands í kafla 10 um það í hvaða málum Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi.



áfrýjunarfrestur til réttarins, ásamt því að málsmeðferðin er skrifleg í kærumálum en ennþá munnleg í áfrýjunarmálum. Líkt og með áfrýjanir eru þröngar og afmarkaðar heimildir til þess að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar.<sup>64</sup> Engin heimild er til þess að kæra úrskurði beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar.<sup>65</sup>

Samkvæmt núgildandi eml. er hægt að kæra ákveðnar dómsathafnir Landsréttar til Hæstaréttar um rekstur mála fyrir Landsrétti ásamt því að hægt er að kæra ákveðna úrskurði Landsréttar um formhlið mála fyrir héraðsdómi. Málsmeðferðartíminn verður þá eðli málsins samkvæmt lengri þegar hægt er að kæra úrskurði Landsréttar um réttarfarságreining fyrir Landsrétti og þess þá heldur þegar um réttarfarságreining fyrir héraðsdómi er að ræða. Þó svo að málsmeðferðartími lengist við kærumeðferð fyrir Hæstarétti er ekki talið rétt að girða alveg fyrir að hægt sé að kæra úrskurði og réttarfarságreining til Hæstaréttar. Leyst hefur verið úr því þannig að Hæstiréttur geti túlkað réttarfarslög í þeim áfrýjunarmálum sem fara fyrir Hæstarétt, meðal annars með athugasemdum, aðfinnslum eða jafnvel ómerkingu héraðsdóms eða Landsréttar ef alvarlegir réttarfarsannmarkar koma upp. Þó kærueheimildin sé til staðar eru henni sett þröng skilyrði í lögnum.<sup>66</sup>

Í 167. gr. eml. er kveðið á um þá úrskurði Landsréttar sem sæta kæru til Hæstaréttar, samkvæmt a. lið. er heimilt að kæra úrskurð um frávísun frá héraðsdómi eða Landsrétti til Hæstaréttar eða ef um niðurfellingu máls að hluta eða að öllu leyti er að ræða fyrir héraðsdómi eða Landsrétti. Í b. lið. er kveðið á um að heimilt sé að kæra úrskurð Landsréttar um það hvort dómari fyrir Landsrétti skuli víkja sæti í máli. Þá er heimilt samkvæmt c. lið., að kæra úrskurð um málskostnaðartryggingu fyrir Landsrétti til Hæstaréttar. Einnig sæta réttarfarssektir fyrir Landsrétti kæru til Hæstaréttar, sbr. d. lið., þá sætir úrskurður um skyldu vitnis, samkvæmt 53. gr. eml., til að svara spurningu kæru til Hæstaréttar, hvort sem það er fyrir héraðsdómi eða Landsrétti. Ekki er þörf á leyfi Hæstaréttar til að kæra úrskurði samkvæmt 1. mgr. 167. gr.

Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi sem ekki hefur verið samþykkt, um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðareglna o.fl.). Samkvæmt 9. gr. frumvarpsins er uppi sú tillaga um að bætt verði við a. lið. 1. mgr. 167. gr. eml.: „ef ekki er um að ræða staðfestingu á slíkri dómsathöfn

<sup>64</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>65</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 64.

<sup>66</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

héraðsdóms.“ Um er að ræða kæru á frávísunarúrskurðum Landsréttar. Með frumvarpinu er sú tillaga uppi um að úrskurðir Landsréttar um staðfestingu á niðurstöðu héraðsdóms um frávísun verði ekki kæránlegir til Hæstaréttar. En þó verður heimilt að kæra til Hæstaréttar úrskurði Landsréttar, sem hann að eigin frumkvæði vísar frá héraðsdómi. Lagt er til að breytingin eigi bæði við um einkamál og sakamál.<sup>67</sup>

Í 2. mgr. 167. gr. eml. er kveðið á um heimild til að sækja um leyfi til Hæstaréttar til að kæra úrskurði Landsréttar í kærumálum þegar svo er mælt fyrir um í öðrum lögum. En þegar Hæstiréttur metur það hvort samþykkja eigi að taka kæruefnið til meðferðar er kveðið á um að við matið skuli litið til þess hvort „kæruefnið varði mikilsverða almannahagsmuni, hafi fordæmisgildi eða grundvallarþýðingu fyrir meðferð málsins. Þá getur Hæstiréttur tekið kæruefni til meðferðar ef ástæða er til að ætla að hin kærða dómsathöfn sé bersýnilega röng að formi eða efni.“<sup>68</sup>

Ef aðili vill óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra dómsathöfn Landsréttar, skal hann afhenda Landsrétti skriflega kæru og eftir atvikum ósk um kæruleyfi til Hæstaréttar, til þess hefur aðili tvær vikur frá uppkvaðningu dómsathafnar, sbr. 168. gr. eml. Kveðið er á um hvað þarf að koma fram í slíkri kæru í 169. gr. eml. Það er svo Landsréttur sjálfur sem sendir kærana, eða eftir atvikum ósk um kæruefnið ásamt kæru til Hæstaréttar, sbr. 171. gr. eml. Ef Hæstiréttur fellst á ósk um kæruleyfi skal hann ekki afgreiða beiðnina sérstaklega, heldur getur hann lagt dóm á kæruefnið strax á grundvelli þeirra skjala sem fram eru komin í málinu, dómurinn er þá staðfesting á því að kæruleyfi hafi verið veitt, sbr. 173. gr. Þetta fyrirkomulag var sett á með brl., með það að markmiði að flýta fyrir málsmeðferð mála í réttarkerfinu.<sup>69</sup>

Af framangreindri umfjöllun er ljóst að kærheimildir til Hæstaréttar eru mjög fáar, en í a.-e. lið. 167. gr. eml. eru talin upp þau í hvaða tilvikum heimilt sé að kæra úrskurð til Hæstaréttar og eru slíkir úrskurðir taldir hafa svo mikla þýðingu að heimilt er að skjóta þeim til æðri réttar án leyfis frá Hæstarétti.<sup>70</sup>

<sup>67</sup> Alþt. 2018-2019, A-deild, þskj. 670 - 783. mál.

<sup>68</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>69</sup> sama heimild.

<sup>70</sup> sama heimild, athugasemdir við 29. gr.

## 6.1 Sérstakar málskotsheimildir til Hæstaréttar í einkamálum

Varðandi sérstakar málskotsheimildir í þeim tilvikum þar sem óskað er eftir kæruleyfi til Hæstaréttar, þá er gert ráð fyrir að málsmeðferðin í héraði sé afbrigðileg á grundvelli ákvæða í sérlögum. Í 2. mgr. 167. gr. eml. er kveðið á um heimild til handa málsaðilum að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar ef mælt er fyrir um það í öðrum lögum. Við gerð frumvarps að brl., var gert sérstakt frumvarp til laga nr. 117/2016, þar sem breytingar voru gerðar á réttarfarsköflum annarra laga, þar sem fram fer málsmeðferð sem er frábrugðin öðrum einkamálum. Lagabreytingin var gerð svo hægt væri að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra þá úrskurði Landsréttar er varða tiltekin ágreiningsefni til Hæstaréttar. Þetta varðar aðallega þau atriði þar sem Hæstiréttur hefur réttarskapandi áhrif hvað varðar meðal annars lagatúlkun og ef nauðsynlega þarf að fá skjóta niðurstöðu í máli og því betra að hafa kærueimild í stað áfrýjunarheimildar. En skilyrðin fyrir slíku málskoti til Hæstaréttar eru mjög þröng.<sup>71</sup>

Með þessu hefur verið tryggt að málsmeðferðin sé með þeim hætti að hægt er að skjóta úrskurðum til æðri réttar með kæru en ekki áfrýjun í ákveðnum tilvikum. Þessi kærueimild til Hæstaréttar á við þegar um er að ræða mál sem meðal annars snúast um efnisréttarlegan ágreining og rekin eru fyrir dómstólum, til dæmis ágreiningsmál vegna gjaldþrotaskipta og dánarbússkipta.

Í 2. mgr. 167. gr. eml. er kveðið á um annars konar kærueimild en tilgreind er í 1. mgr. 167. gr., en samkvæmt 2. mgr. 167. gr. eml. er kveðið á um að heimilt sé að sækja um leyfi til Hæstaréttar til að kæra úrskurði Landsréttar í kærumálum, ef kveðið er á um það í öðrum lögum. Um er að ræða meðal annars lög á sviði fullnusturéttar, en þar er kveðið á um afbrigðilega meðferð einkamála og ágreiningsmál sem dómstólar leysa úr. Svo tekin séu dæmi þá er kveðið á um slíka kærueimild meðal annars í lögum um aðför nr. 90/1989,<sup>72</sup> lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991,<sup>73</sup> lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991,<sup>74</sup> lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991<sup>75</sup> og í barnalögum nr. 76/2003.<sup>76</sup> Í þeim sérlögum er að finna ákvæði sem kveða á um málskotsheimild til Hæstaréttar, þar sem meðal annars kemur fram að

<sup>71</sup> sama heimild, athugasemdir við 29. gr.

<sup>72</sup> Lög um aðför nr. 90/1989.

<sup>73</sup> Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991.

<sup>74</sup> Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991.

<sup>75</sup> Lög um nauðungarsölu nr. 90/1991.

<sup>76</sup> Barnalög nr. 76/2003.

heimilt sé að skjóta úrskurðum héraðsdóms til Landsréttar og eftir að Landsréttur hefur kveðið upp úrskurð í málinu, þá er hann kæránlegur til Hæstaréttar.

Þegar lög um breytingu á ýmsum lögum nr. 117/2016, voru sett var farið yfir það hvaða álitæfni það væru sem einkenndust af þeim afbrigðilegum málsmeðferðum sem um ræðir. Farið var yfir hvort Landsréttur ætti að úrskurða um málið, svo auðveldara væri að fá niðurstöðu sem fyrst eða hvort Landsréttur skyldi leggja dóm á málið, líkt og Hæstiréttur gerði samkvæmt eldri lögum. Komist var að þeirri niðurstöðu að Landsréttur úrskurði um slík kærúmál þar sem það auðveldi málsmeðferðina og slík mál fái endanlega niðurstöðu sem fyrst.<sup>77</sup>

Úrskurðirnir geta bæði fjallað um réttarfarsatriði, ásamt því að geta falið í sér efnislega niðurstöðu, líkt og í einkamálum sem rekin eru með almennum hætti fyrir dómstólum. Í raun eru þetta ágreiningsmál sem eru eins og deila í almennu einkamáli, en er málin falla undir þau lög sem koma fram í lögum nr. 117/2016, er kveðið á um annars konar málsmeðferð. Málið getur þá til dæmis fjallað um ágreining um réttshæð krafna í dánarbúi.<sup>78</sup>

Það liggur ástæða að baki því að úrskurðir sem þessir geti sætt kæru til Hæstaréttar, en ekki aðeins áfrýjun eins og í almennum einkamálum. Ástæðan fyrir því er meðal annars sú að mikilvægt er að fá endanlega niðurstöðu um ágreiningsmál sem þessi, eins skjótt og auðið er, svo ekki sé verið að draga mál á langinn og lengja málsmeðferðina að óþörfu með áfrýjun til Hæstaréttar. Þetta á til dæmis við í málum sem lúta að aðför, þar sem þörf er á að fá fljótt skorið úr um álitæfnið, þar sem ekki er talið æskilegt að tefja fullnustuaðgerðir með löngum málsmeðferðartíma og beiðni um áfrýjunarleyfi. Í lögum um breytingu á ýmsum lögum nr. 117/2016, er kveðið á um að Landsréttur leysi úr ákveðnum kærúmálum með dómi, aðallega þeim málum sem líkjast almennum einkamáli. En svo eru líka þessar sérstöku heimildir þar sem Landsréttur leysir úr málum með úrskurði, það eru þá aðallega þau mál sem þarfnast skjótrar úrlausnar og er þá heimilt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra þessa tilteknu úrskurði.<sup>79</sup>

Þar sem nú er ávallt hægt að óska eftir kæruleyfi til Hæstaréttar á úrskurðum Landsréttar, nema í þeim tilvikum þegar tekið er sérstaklega fram í öðrum lögum að kveða eigi upp dóm fyrir

---

<sup>77</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 66.

<sup>78</sup> sama heimild 65.

<sup>79</sup> sama heimild 65–66.

Landsrétti, en ekki úrskurð, má gera ráð fyrir því að nú verði umfangsmikil mál sem sæta kæru til Hæstaréttar frá Landsrétti. Meðal annars mál sem tengjast fullnusturéttarfari. Í þeim málum þar sem talið er heimilt að kæra úrskurði til Hæstaréttar, samkvæmt ákvæðum sérlaga, getur Hæstiréttur ákveðið að kærumálið verði flutt munnlega. Þá er meðferð málsins mjög svipuð því sem gerist við áfrýjun mála, að flest öllu leyti nema því er varðar málshraða.<sup>80</sup>

Þau ákvæði sem kveða á um kærueimildir í sérlögum og koma fram í lögum um breytingu á ýmsum lögum, nr. 117/2016, eru samhljóða í lögnum. Sem dæmi má nefna var gerð breyting á lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991 og við bættist ný málsgrein við 133. gr. laganna, sem er svohljóðandi:

Úrskurðir Landsréttar um atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 167. gr. laga um meðferð einkamála sæta kæru til Hæstaréttar. Þá er unnt að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að kæra til réttarins úrskurði Landsréttar í kærumálum samkvæmt þessum kafla sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.

Þarna er annars vegar gerð grein fyrir almennu kærueimildinni, í 1. mgr. 167. gr. eml. og hins vegar þeirri kærueimild sem nú er til staðar, í 2. mgr. 167. gr. eml. Samkvæmt henni er heimilt að sækja um leyfi til að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar í þeim málum sem fela í sér lokaákvörðun um ágreiningsefnið.<sup>81</sup> Ef mál sem var fyrr rekið fyrir héraðsdómi og kveðinn er upp lokaákvörðun fyrir Landsrétti með úrskurði, sem samsvarar í raun efnisdómi í einkamáli, er heimilt að óska eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar til að kæra úrskurðinn. Í þessum tilvikum skiptir sakarefni málsins fyrir héraði ekki máli.<sup>82</sup> Hæstiréttur þarf ávallt að meta þau þröngu skilyrði sem fram koma í 2. mgr. 167. gr. eml. þegar þess er óskað að kæra úrskurð til Hæstaréttar.<sup>83</sup>

## 6.2 Takmarkanir á kærueimildum

Þeim úrskurðum sem ekki verður skotið með kæru til Hæstaréttar, eru þeir sem varða réttarfarsatriði, þar á meðal ágreining um dómkvaðningu matsmanns eða vitni. Er þetta því í raun gagnályktun frá kærueimildum, sem teknar voru fram hér að ofan. Telja verður að úrskurðum um réttarfarsatriði verði aðeins skotið til Hæstaréttar, samkvæmt 1. mgr. 167. gr. eml.

<sup>80</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1694 - 874. mál.

<sup>81</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 68.

<sup>82</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1694 - 874. mál.

<sup>83</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 68.

Takmarkanir á kærueimildum, samkvæmt 1. og 2. mgr. 167. gr. eml., birtast í 3. mgr. 167. gr. eml., þar sem kemur fram að Hæstiréttur geti alltaf synjað um að taka kæruefni til meðferðar, meðal annars ef kærán er talin vera tilefnislaus eða augljóslega sett fram til þess að tefja málið enn frekar. Þó svo að ekki sé hægt að kæra alla úrskurði Landsréttar um réttarfarsatriði fyrir Landsrétti eða héraðsdómi til Hæstaréttar, nema um það sem fram kemur í 1. mgr. 167. gr., er ávallt hægt að fá úr því skorið ef málið fær síðar áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti og efnisdómur fellur í málinu fyrir réttinum. Hæstarétti er meðal annars heimilt að ómerkja dóm Landsréttar og vísa málinu aftur til Landsréttar eða héraðsdóms, ef það á við. Hæstiréttur getur einnig gert athugasemdir við réttarfarsatriði og haft þannig réttarskapandi áhrif hvað varðar túlkun réttarfarsákvæða, sem annars fengju ekki kærueimild til Hæstaréttar á fyrri stigum máls.<sup>84</sup>

## 7. Skilyrði fyrir áfrýjun sakamála til Hæstaréttar

Áfrýjunarheimildir til Hæstaréttar í sakamálum koma fram í XXXIII. kafla sem var settur inn í sml. í kjölfar setningar brl. Þar kemur fram að í mjög fáum tilvikum sé gert ráð fyrir að dómsmál fari alla leið til Hæstaréttar og fái þá efnismeðferð á þremur dómstigum. Þá er einnig, eins og í einkamálum, málskot til Hæstaréttar háð áfrýjunarleyfi frá réttinum sjálfum.<sup>85</sup> Í 4. mgr. 21. gr. sml., kemur fram að það sé í höndum ríkissaksóknara að ákveða hvort óska eigi eftir leyfi til að áfrýja máli til Hæstaréttar og sama máli gegnir um kærúmál til réttarins í þeim málum sem hann hefur höfðað.

Samkvæmt 207. gr. sml. er gert ráð fyrir því að ákvarðanir séu teknar um dómsathafnir Landsréttar við rekstur málsins, en ef ágreiningsefnið sætir kæru til Hæstaréttar er þess krafist að kveðinn verði upp úrskurður um þá dómsathöfn sem um ræðir. Form úrlausna Landsréttar þarf því að vera í samræmi við það hvort hægt sé að skjóta málinu til Hæstaréttar eður ei. Þá er samkvæmt 2. mgr. sömu greinar kveðið á um að Landsréttur kveði upp úrskurði í kærúmálum. Einnig kemur fram að ef úrlausn Landsréttar felur í sér lyktir máls í áfrýjunarmáli, án þess þó að málið hafi verið flutt efnislega, skal kveðinn upp úrskurður. Þá eru rökin þar að baki þau að hægt sé að kæra slíkar niðurstöður til Hæstaréttar og er þar af leiðandi úrskurðað í þeim tilvikum fyrir Landsrétti. Ef áfrýjunarmál er flutt efnislega eða samhliða, um form og efni, er kveðinn upp dómur í málinu. Sama þótt niðurstaðan sé einnig kæránleg til Hæstaréttar að

<sup>84</sup> sama heimild 69.

<sup>85</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

einhverju leyti, til dæmis ef um frávísun að hluta er að ræða, þá er sú niðurstaða kæránleg til Hæstaréttar, þó svo að niðurstaða komi einnig fram í dómi Landsréttar. Með þessari heimild getur þá reynt á réttarfarsatriði fyrir Hæstarétti hvað varðar málsmeðferðina allt frá lögreglurannsókninni til málsmeðferðar fyrir héraðsdómi og Landsrétti.<sup>86</sup>

Samkvæmt 215. gr. er hægt að óska eftir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar til að fá:

- a. endurskoðun á ákvörðun viðurlaga,
- b. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á skýringu eða beitingu réttarreglna,
- c. endurskoðun á niðurstöðum sem byggðar eru á mati á sönnunargildi annarra gagna en munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi eða Landsrétti,
- d. ómerkingu á héraðsdómi og landsréttardómi og heimvísun máls,
- e. frávísun máls frá héraðsdómi og Landsrétti.<sup>87</sup>

Við áfrýjun er einnig er hægt að óska eftir endurskoðun á úrskurðum sem kveðnir voru upp og á ákvörðunum sem teknar voru á lægri dómstigum, sbr. 2. mgr. 215. gr. sml. Það er hlutverk Hæstaréttar að ákveða hvort mál fái efnismeðferð fyrir réttinum og hvort veitt verði áfrýjunarleyfi, sbr. 4. mgr. 215. gr. sml., slíkt leyfi er þó aðeins veitt ef:

áfrýjun lýtur að atriði sem hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að fá úrlausn Hæstaréttar um. Þá getur Hæstiréttur veitt slíkt leyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur að formi eða efni.<sup>88</sup>

Svipuð skilyrði eru því sett fram fyrir áfrýjun mála til Hæstaréttar í einkamálum og sakamálum. En tekið skal fram að ekki er hægt að byggja á þeirri ástæðu sem fram kemur í eml. að sérstaklega mikilvægir hagsmunir aðila máls séu ástæða áfrýjunar í sakamálum samkvæmt lögunum.<sup>89</sup>

Skilyrði samkvæmt 4. mgr. 215. gr. sml:

Hafi ákærði verið sýknaður af ákæruefni í héraðsdómi en sakfelldur fyrir Landsrétti skal þó verða við ósk ákærða, eða ákærvaldsins honum til hagsbóta, um leyfi til áfrýjunar nema Hæstiréttur telji ljóst að áfrýjun muni ekki verða til þess að breyta dómi Landsréttar.

<sup>86</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 73–74.

<sup>87</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>88</sup> sama heimild.

<sup>89</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 232.

Eins og fram hefur komið áður er ekki heldur hægt að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar sem þarfnast endurskoðunar á mati Landsréttar á sönnunargildi munnlegs framburðar, sbr. 5. mgr. 215. gr., þar sem ekki fer fram munnleg sönnunarfærsla fyrir Hæstarétti samkvæmt núgildandi lögum. Engum ákvæðum er nú til að dreifa, líkt og voru áður í 2. og 3. mgr. 208. gr. eldri sml., um heimild til handa Hæstarétti til að taka skýrslur fyrir dómi til að endurmeta sönnunargildi munnlegs framburðar eða vísa máli aftur til héraðsdóms ef Hæstiréttur taldi ranga túlkun vera á sönnunargildi munnlegs framburðar fyrir héraðsdómi.<sup>90</sup>

Hæstiréttur skoðar aðeins sönnunargildi annarra gagna fyrir réttinum en ekki sönnunargildi munnlegs framburðar og hefur Hæstiréttur heimild til að ómerkja dóma Landsréttar ef rétturinn telur að um sé að ræða alvarlega réttarfarságalla fyrir héraðsdómi eða Landsrétti. Hæstiréttur getur þá vísað málinu aftur til Landsréttar og eftir tilvikum alla leið heim í hérað. Þó verður að telja og í ljósi þess hve lítil framkvæmd er komin á það hvort mál fái efnismeðferð á þremur dómstigum vegna deilna er varða sönnunatriði í sakamálum að þar sem Landsréttur hefur það hlutverk að endurskoða sönnunarmat héraðsdóms á öllum þáttum málsins, þá muni síður reyna á málskot til Hæstaréttar sem grundvallast á ágreiningi er varðar sönnunatriði í sakamálum.<sup>91</sup>

Framkvæmd áfrýjunarleyfis kemur fram í 217. gr. sml., ef ákærði vill áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar skal hann senda ríkissaksóknara innan fjögurra vikna skriflega umsókn um leyfið og rökstyðja þarf ástæðuna fyrir því af hverju ákærði telji skilyrðunum í 215. gr. sml. vera fullnægt, sbr. 2. mgr. 217. gr. En ef ríkissaksóknari óskar áfrýjunarleyfis á hann að senda Hæstarétti skriflega umsókn um það og á hún að vera eins fram sett og rökstudd með sama hætti og kveðið er á um í 2. mgr. 217. gr., sbr. 3. mgr. 217. gr. sml. Sú umsókn skal berast Hæstarétti innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu landsréttardóms. Samkvæmt 4. mgr. 217. gr. sml. skal Hæstiréttur, ef hann hafnar áfrýjunarleyfinu, greina frá ástæðum þess í tilkynningu til aðilanna.

## **8. Skilyrði fyrir kæru á úrskurðum til Hæstaréttar í sakamálum**

Kæruheimildir til Hæstaréttar í sakamálum koma fram í XXXII. kafla sml. Þar er lagt til grundvallar að skjót málskotsleið þurfi að vera til staðar í sakamálum. Um er að ræða öðruvísi málsmeðferðarreglur eftir því hvort um kæru eða áfrýjun mála er að ræða. Kærufrestir eru mun

<sup>90</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 73.

<sup>91</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.



styttri en áfrýjunarfrestir og einnig er málsmeðferð kærumála skrifleg að öllu jöfnu en munnleg í áfrýjunarmálum.<sup>92</sup> Þá er ekki heimilt að kæra úrskurði héraðsdóms beint til Hæstaréttar. Aðeins er hægt að kæra úrskurði Landsréttar til Hæstaréttar að þröngum skilyrðum uppfylltum.<sup>93</sup>

Fram kemur í 1. mgr. 211. gr. sml. hvaða úrskurðir Landsréttar það eru sem sæta kæru til Hæstaréttar, en þeir eru eftirfarandi:

- a. frávísun frá héraðsdómi eða Landsrétti eða niðurfellingu máls að hluta eða að öllu leyti fyrir héraðsdómi eða Landsrétti,
- b. hvort dómari Landsréttar víki sæti í máli,
- c. réttarfarssekt fyrir Landsrétti,
- d. skyldu vitnis skv. 119. gr. til að svara spurningu.

Kæruleyfi þarf ekki frá Hæstarétti samkvæmt 1. mgr. 211. gr. sml., en þó er ávallt heimild til handa Hæstarétti að hafna því að taka kæruefni til meðferðar ef talið er að kæran sé tilefnislaus og sett fram í þeim tilgangi að tefja framgang máls, sbr. 2. mgr. 211. gr.<sup>94</sup>

Þröngar heimildir eru til þess að kæra dómsathafnir fyrir Landsrétti og úrskurði er varða formhlið mála fyrir héraðsdómi. Sú ástæða er gefin fyrir því er að talið er að það myndi leiða til þess að málsmeðferð yrði dregin á langinn og yrði því í andstöðu við regluna um hraða málsmeðferð. Einnig er talið að málskot til Landsréttar um tiltekna þvingunarráðstafanir veiti fullnægjandi réttarvernd og ekki sé þörf á niðurstöðu Hæstaréttar þar um.<sup>95</sup> Þó svo að ekki sé auðvelt að skjóta málum til Hæstaréttar, getur Hæstiréttur þó enn haft réttarskapandi áhrif hvað varðar túlkun réttarfarsákvæða fyrir héraðsdómi og Landsrétti um hvernig beita eigi þvingunarrástöfunum. En það er gert í þeim áfrýjunarmálum sem komast til réttarins, að áður gefnu áfrýjunarleyfi og hefur Hæstiréttur þannig áhrif með því að gera athugasemdir, aðfinnslur eða með ómerkingu héraðsdóms eða landsréttardóms ef um svo alvarlega annmarka er að ræða.<sup>96</sup>

---

<sup>92</sup> sama heimild, athugasemdir við 68. gr.

<sup>93</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 69.

<sup>94</sup> sama heimild 69–70.

<sup>95</sup> sama heimild 70. Sjá umfjöllun í 6. kafla.

<sup>96</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 68. gr.

Í 2. mgr. 212. gr. sml. kemur fram að ef aðili ætlar að kæra úrskurð skal hann lýsa því yfir innan þriggja sólarhringa frá uppkvaðningu úrskurðar. Þessir þrjú sólarhringar eru taldir frá þeim degi er aðili fékk vitneskju um úrskurðinn. Í 3. mgr. sömu greinar er þó undantekning gerð ef ekki er kært innan frestsins, sem fram kemur í 2. mgr. 212. gr. sml., um að hægt sé að leita eftir leyfi Hæstaréttar til þess að kæra og fer leyfisbeiðnin eftir því sem fram kemur í 200. gr. sml., um áfrýjun úrskurða héraðsdóms til Landsréttar.

## 9. Áfrýjunarleyfi á Norðurlöndunum

Við undirbúningsvinnu að setningu nýrrar dómstólaskipan á Íslandi kom í ljós að skoða þyrfti fyrirmyndir í lögum á Norðurlöndunum. Um var að ræða skoðun á þeim lagaatriðum er varða þau skilyrði sem síðar voru sett fyrir því að veita áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar Íslands. Sá grunnur sem lagður var að frumvarpi til brl., var fenginn á grundvelli þeirra upplýsinga og réttarbóta sem gerðar höfðu verið á Norðurlöndunum. Það þriggja þrepa dómskerfi sem sett hefur verið á laggirnar hér á landi er því sambærilegt dómskerfum á Norðurlöndunum, en þó einna helst í Noregi.<sup>97</sup>

Mjög fá mál á Norðurlöndunum fara alla leið til Hæstaréttar, en lagður hefur verið grunnur að því að öll mál byrji að öllu jöfnu á fyrsta dómstigi.<sup>98</sup> Þar er gerð sú krafa að vanda þurfi málsmeðferð gríðarlega. Almenna reglan er sú að takmarkað hefur verið að litlu leyti möguleikann á málskoti til millidómstigs en þrengt verulega að möguleikanum á því að skjóta máli til Hæstaréttar. Það er því almennt talið að dómsmál á Norðurlöndunum séu takmörkuð að nokkru leyti við tvö dómstig og að þeim ljúki því á öðru dómstigi. Af þeirri ástæðu tekur Hæstiréttur í mjög fáum tilvikum mál til meðferðar fyrir réttinum á Norðurlöndum.<sup>99</sup>

Hlutverk æðstu dómstólanna í Danmörku Noregi og Svíþjóð er aðallega að leiðrétta alvarlega réttarfarságalla á lægri dómstigum ásamt því að vera réttarskapandi og kveða upp stefnumarkandi dóma. Ávallt þarf leyfi til þess að skjóta málum til Hæstaréttar í þessum löndum og er ekki auðvelt að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram í þeim lagaákvæðum, það er því í raun mjög erfitt að fá máli skotið til Hæstaréttar.<sup>100</sup> En Hæsturéttir á Norðurlöndunum

<sup>97</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 41.

<sup>98</sup> Sjá nánari umfjöllun í kafla 9.2.

<sup>99</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 57.

<sup>100</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 18.

geta tekið til endurskoðunar bæði staðreyndir og lagaatriði ef ágreiningur er enn uppi um annað hvort. Endurskoðun er því ekki alveg takmörkuð við lagaatriði af þeim ástæðum að ekki er auðvelt að greina á milli álítaefnis þar sem aðeins er ágreiningur um lagaatriði eða hvoru tveggja lagaatriði og málsatvik. Þó hefur stefnan á Norðurlöndunum verið sú að Hæstiréttur taki aðeins til meðferðar mál sem eru fordæmisgefandi.<sup>101</sup>

## 9.1 Danmörk

Í Danmörku eru í gildi lög um meðferð einkamála og sakamála sem heita *Lov om rettens pleje*, og eru þau einnig kölluð *Retsplejeloven*.<sup>102</sup> Gerðar voru verulegar breytingar á dönsku réttarfarslögum hvað varðar dómstólaskipanina, sem tóku í gildi 1. janúar 2007. Réttarfarsreglum var breytt til muna og var markmiðið með breytingunni að Hæstiréttur myndi aðeins sinna stefnumarkandi málum og einbeita sér að þeim.<sup>103</sup> Reglur um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar eru í kafla 83. í dönsku réttarfarslögum.

Í Danmörku gildir önnur regla um áfrýjunarleyfi en er í gildi hér á landi eftir setningu brl. og er hún einnig frábrugðin þeim reglum sem gilda í Noregi og Svíþjóð, þ.e. það er farin önnur leið í að veita áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Í Danmörku er ekki hægt að áfrýja málum frá Landsrétti til Hæstaréttar nema með samþykki áfrýjunarnefndar (d. Procesbevillingsnævnet), sem er stjórnarsýslunefnd í Danmörku. Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á það hvenær veita eigi áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar og hvenær ekki. Er þetta gert til þess að rétturinn dæmi aðeins í stefnumarkandi málum.<sup>104</sup> Þessu er öðruvísi farið á Íslandi eftir brl. og á hinum Norðurlöndunum, að því leyti að þar tekur Hæstiréttur sjálfur afstöðu til þess hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eða ekki.<sup>105</sup>

Kærur á úrskurðum og ákvörðunum dómstóla, hvort sem þær eru á fyrsta eða öðru dómstigi, eru kærnanlegar til æðri dóms, sbr. 389. gr. dönsku réttarfarslaganna. Í Danmörku er heimilt, að tilteknum skilyrðum uppfylltum og ef mál er flókið og umfangsmikið, að hefja mál á öðru dómstigi.<sup>106</sup> Áfrýjunarnefndin þarf samt að veita leyfi til þess að kæra úrskurði og ákvarðanir

---

<sup>101</sup> Lindblom, Per Henrik, „The Role of the Supreme Courts in Scandinavia“ (2000) 39 *Scandinavian Studies in Law* 325, 345.

<sup>102</sup> LBG 2017-09-22 nr 1101 *Retsplejeloven*. (frv. skammstafað dönsku réttarfarslögum).

<sup>103</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 15.

<sup>104</sup> „Procesbevillingsnævnet“ (*Danmarks domstole*, 3. september 2018)

<<http://www.domstol.dk/procesbevillingsnaevnet/Pages/default.aspx>> skoðað 8. apríl 2019.

<sup>105</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 43–44.

<sup>106</sup> Sigurður Tómas Magnússon (n. 21) 41.

Sjó- og verslunardóms og Landsréttar, ef málin eru þar til meðferðar á fyrsta dómstigi, sbr. 1. mgr. 292. gr. dönsku réttarfarslaganna.<sup>107</sup>

Hvað varðar dóma í sakamálum þá er aðeins hægt að áfrýja þeim að áðurgengnu leyfi áfrýjunarnefndarinnar. Málið verður að vera stefnumarkandi eða sérstakar ástæður mæli með því að veitt sé áfrýjunarleyfi, sbr. 932. gr. dönsku réttarfarslaganna. Taka ber þó fram að ekki er heimild til handa Hæstarétti að taka til endurskoðunar og dæma um sekt eða sakleysi ákærða.<sup>108</sup> Áfrýjunarnefndin þarf einnig að veita leyfi ef óskað er eftir því að kæra úrskurði og ákvarðanir Landsréttar til Hæstaréttar, sbr. 968. a. og 973. gr. dönsku réttarfarslaganna. Ef aðili óskar eftir áfrýjunarleyfi verður hann að gera það innan fjögurra vikna, sbr. i. lið. 475. gr. dönsku réttarfarslaganna.

## 9.2 Noregur

Lög um meðferð einkamála í Noregi nefnast *Lov om mekling og rettergang i sivile tvister*, einnig kölluð *Tvisteloven*.<sup>109</sup> Heimild er í lögnum til þess að óska eftir leyfi Hæstaréttar til að áfrýja dómum beint frá fyrsta dómstigi, en skilyrðin fyrir því eru að sakarefnið sé mikilvægt og einnig ef mál þarfnast skjótrar úrlausnar, sbr. gr. 30-2 í norsku einkamálalaganna.<sup>110</sup> Hæstiréttur þarf að veita áfrýjunarleyfi (n. Anke til Høyesterett) hvort sem óskað er eftir áfrýjun á dómum, úrskurðum eða ákvörðunum lagmannsréttar, sem er millidómstigið í Noregi.<sup>111</sup> Hæstiréttur veitir aðeins leyfið ef álitaefnið hefur mikla almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum, teljist það mjög mikilvægt að fá leyst úr ágreiningsefninu fyrir Hæstarétti, sbr. gr. 30-4 norsku einkamálalaganna.<sup>112</sup> Í 2. mgr. sömu greinar kemur einnig fram að það er háð atvikum hverju sinni hvaða mál fái áfrýjunarleyfi og hver ekki, en ávallt þarf að uppfylla þau skilyrði sem koma fram í 1. mgr. laganna.

Þau skilyrði sem sett eru fram í ákvæðinu í íslensku eml., um skilyrði fyrir veitingu áfrýjunarleyfis til Hæstaréttar sækja fyrirmynd sína í norsku einkamálalögin.<sup>113</sup> En settar eru

---

<sup>107</sup> sama heimild 19.

<sup>108</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 19.

<sup>109</sup> LOV-2005-06-17-90 Lov om mekling og rettergang i sivile tvister. (frv. skammstafað norsku einkamálalögin).

<sup>110</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

<sup>111</sup> „Anke til Høyesterett“ (*Norges Domstoler*) <<https://www.domstol.no/no/Enkelt-domstol/-norges-hoyesterett/om-hoyesterett/anke-til-hoyesterett/>> skoðað 16. apríl 2019.

<sup>112</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

<sup>113</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 29. gr.

fram frekari takmarkanir á því að fá leyfi til að kæra úrskurði og ákvarðanir til Hæstaréttar Noregs í gr. 30-5 og 30-6 norsku einkamálalaganna. Samkvæmt gr. 30-5 hafnar Hæstiréttur áfrýjun ef málið hefur ekki almenna þýðingu eða engar aðrar ástæður eru til þess að taka ætti málið til efnismeðferðar.

Lög um meðferð sakamála nefnast *Lov om rettergangsmåten i straffesaker*, einnig kölluð *Straffeprosessloven*.<sup>114</sup> Samkvæmt 7. gr. norsku sakamálalaganna tekur Hæstiréttur afstöðu til þess hvort veita skuli áfrýjunarleyfi í málskotum er varða úrskurði og ákvarðanir, sem teknar hafa verið á lægra dómstigi. Niðurstöður lagmannsréttar á úrskurðum og ákvörðunum um dómsathafnir frá fyrsta eða öðru dómstigi, sbr. 377. gr. norsku sakamálalaganna er í undantekningartilvikum hægt að kæra til Hæstaréttar, sbr. 388. gr. norsku sakamálalaganna.

Hæstiréttur þarf ávallt að veita áfrýjunarleyfi í sakamálum. Heimilt er í undantekningartilfellum og að ádurfengnu áfrýjunarleyfi frá Hæstarétti, að áfrýja dómi frá fyrsta dómstigi beint til Hæstaréttar. Það er metið eftir því hvort um sé að ræða sérstaklega mikilvægt álitaefni eða að skjót niðurstaða þurfi að nást í málinu. Þegar ákveðið er hvaða málum skuli veita áfrýjunarleyfi er aðeins um að ræða þau mál er varða álitaefni sem hafa almenna þýðingu, eða af einhverjum öðrum ástæðum er talið sérstaklega mikilvægt að Hæstiréttur endurskoði. Sú regla gildir þó, að ef ákærði hefur verið sýknaður á fyrsta dómstigi og sakfelldur fyrir lagmannsrétti, þá er ekki heimild til handa Hæstarétti til að hafna áfrýjun. Nema í þeim tilvikum sem hann telur alveg ljóst að niðurstaðan myndi ekki taka breytingum fyrir Hæstarétti, sbr. 1. mgr. 323. gr. sakamálalaga. Í norskum lögum er því svipað fyrirkomulag í einkamálum og sakamálum hvað varðar skilyrði áfrýjunar til Hæstaréttar.<sup>115</sup>

Hæstiréttur Noregs tekur ekki til meðferðar mál þar sem enn er ágreiningur um sönnun eða sönnunargögn í málinu. Sama regla gildir um að Hæstiréttur endurskoði ekki mat á sönnun og sekt ákærða eins og í Danmörku.<sup>116</sup> Mikilvægt er að aðeins sé veitt áfrýjunarleyfi vegna mála er varða grundvallaratriði í samfélaginu. Þegar litið er til þess hvort veita eigi leyfi eða ekki skal fyrst og fremst horft til þungamiðju málsins en ekki til þess verðmætis sem krafist er, þ.e. hvort það sé mikið eða lítið. Það er vel þekkt að leyfi til réttarins séu ekki veitt eða að mál hafi mjög

<sup>114</sup> LOV-1981-05-22-25 Lov om rettergangsmåten i straffesaker. (frv. skammstafað norsku sakamálalögin).

<sup>115</sup> Ot.prp.nr.51 (2004–2005) Om lov om mekling og rettergang i sivile tvister (tvisteloven) 2005, athugasemdir við gr. 30-4.

<sup>116</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

litla möguleika á að fá efnismeðferð fyrir réttinum, ef ekki er um að ræða alvarleg mál.<sup>117</sup> Lögð er gríðarleg áhersla á það að aðeins mál sem þarfnast lögfræðilegrar túlkunar fái efnislega meðferð fyrir réttinum. Ásamt þeim málum sem Hæstiréttur telur að vegna réttarskapandi hlutverks síns sé nauðsynlegt að taka til meðferðar.<sup>118</sup> Jafnvel þótt formleg skilyrði séu fyrir áfrýjun til Hæstaréttar er ekki þar með sagt að ef mál er talið fullnægja þeim skilyrðum um að veita eigi áfrýjunarleyfi, að leyfið verði veitt.<sup>119</sup> Við mat á því hvort synja eða veita eigi áfrýjunarleyfi skal tekið mið af því hvort röng lagatúlkun hafi átt sér stað eða hvort málsmeðferð hafi verið fullnægjandi á fyrri dómstigum, ef hún hefur ekki verið fullnægjandi skal ekki hafna áfrýjunarleyfinu. Sama gildir ef niðurstaðan í málinu er gríðarlega mikilvæg fyrir aðila máls.<sup>120</sup>

Samkvæmt gr. 30-4 norsku einkamálalaganna verður málið að snúa meðal annars að lagatúlkun eða þróun hennar, til dæmis í þeim tilvikum ef röng túlkun hefur farið fram á fyrra dómstigi. Þá sérstaklega ef vikið hefur verið frá dómaframkvæmd Hæstaréttar á lægri dómstigum. Þá telur Hæstiréttur nauðsynlegt að taka málið til efnismeðferðar. Einnig virðist rétturinn telja nauðsynlegt að skera úr um hvort landslög standist stjórnarskrá eða ekki og veitir þeim málum oftast áfrýjunarleyfi ef álitafnið lýtur að því.<sup>121</sup> Rétturinn veitir einnig leyfi til áfrýjunar ef hann telur dóm lagmannsréttar rangan til þess að niðurstaða Hæstaréttar í því máli gefi rétt fordæmi. Hæstiréttur byggir mjög á því að vera fordæmisgefandi dómstóll og tekur aðeins grundvallarmál til skoðunar fyrir réttinum.<sup>122</sup> Við matið hvort veita skuli áfrýjunarleyfi lítur Hæstiréttur einnig til þess hversu almennt gildi úrlausn málsins hefur, þ.e. lítur til þess hver leyfisbeiðandi er, leyfi er frekar veitt ef um banka, tryggingarfélag og þess háttar er að ræða og í þeim málum þar sem talið er að leyfisbeiðandi hafi ekki einungis hagsmuna að gæta af úrlausn málsins, heldur hafi niðurstaða málsins almennt gildi, þá er áfrýjunarleyfi frekar veitt. Einnig virðist rétturinn horfa til þess hve hagnýta þýðingu málið hefur út frá lagalegu sjónarmiði, því þarf ekki allur lagalegur ágreiningur að fara fyrir Hæstarétt, í þeim tilvikum sem málið hefur fengið endurskoðun lagmannsréttar. Rétturinn lítur til þess hvort til séu fordæmi varðandi sama álitafni og á reynir og hvort það þjóni miklum tilgangi að fá niðurstöðu Hæstaréttar um álitafnið.<sup>123</sup> Ef dómarrar deila

---

<sup>117</sup> *NOU 2001:32 B Rett på sak Lov om tvisteløsning (tvisteloven)* (Justis- og politidepartementet 2001) 792 <<https://lovdata.no/pro/NOU/forarbeid/nou-2001-32b>>.

<sup>118</sup> sama heimild.

<sup>119</sup> Skoghøy (n. 37) 3.5.

<sup>120</sup> *NOU 2001:32 B Rett på sak Lov om tvisteløsning (tvisteloven)* (n. 117) 12.6.

<sup>121</sup> Trond Eilertsen og Per M Ristvedt, „Tvisteloven – sett fra et advokatperspektiv“ [2008] (1) Tidsskrift for forretningsjus 15.3.

<sup>122</sup> Anders Bøhn, „Tvistelovbrev nr. 29 – anke til Høyesterett (kafli 30).“ [2007] (29) Tvistelovbrev <<https://lovdata.no/pro/JUS/tvistelovbrev-2007-29>>.

<sup>123</sup> Skoghøy (n. 37) 3.5.

um hvort veita eigi leyfi til áfrýjunar skal veita leyfið þótt aðeins einn af þeim telji það uppfylla þau skilyrði að veita skuli leyfið.<sup>124</sup>

Túlkanir á því hvernig meta eigi ákvæði gr. 30-4 norsku einkamálalaganna gefa vísbendingu um það hvernig Hæstiréttur Íslands skýrir og túlkar 176. gr. eml., 215. gr. sml. og 2. mgr. 167. gr. eml. við veitingu áfrýjunar- og kæruleyfis hér á landi, þar sem ákvæði um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar sækir fyrirmynd sína til norskra laga.<sup>125</sup>

### 9.2.1 Framkvæmd áfrýjunarleyfa í Noregi

Við skoðun á því í hvaða tilvikum Hæstiréttur Noregs veitir áfrýjunarleyfi má meðal annars benda á mál sem lýtur að forsjá barns. Í máli nr. LG-2018-95302 og áfrýjunarleyfi nr. HR-2019-709-U, mat Hæstiréttur það svo að það stæðist gr. 30-4 norsku einkamálalaganna að taka til meðferðar mál sem snýr að forsjá barns, þar sem í þessu máli átti að svipta líffræðilega foreldra drengs forræði og samþykkja um leið að hann færi til fósturfjölskyldu.<sup>126</sup> Einnig var veitt áfrýjunarleyfi í máli LB-2017-181429 – UTV-2018-1577, sbr. HR-2019-241-U er varðaði ofgreiddan fasteignaskatt. Draga má þá ályktun að Hæstiréttur hafi í þessu tilviki veitt áfrýjunarleyfi þar sem reynt hafi á stjórnarskrárvarin réttindi.<sup>127</sup> Það var einnig gert í máli LA-2017-111634, sbr. HR-2018-2262-U þar sem reyndi á eignarnám og eignarrétt, sem eru einnig stjórnarskrárvarin réttindi.<sup>128</sup>

Ef Hæstiréttur telur vafa leika á um lagatúlkun lagmannsréttar virðist rétturinn frekar en ella veita áfrýjunarleyfi, sbr. mál nr. LB-2018-147038, sbr. HR-2019-669-U. En málið varðaði kröfu þess efnis að Osló tæki yfir hús á lóð í borginni og greiddi aðila fyrir. Vafi lék á um túlkun laga og hvort skilyrði þeirra laga sem við ættu væru uppfyllt og veitti Hæstiréttur málinu áfrýjunarleyfi.<sup>129</sup>

Mál sem hafa fengið áfrýjunarleyfi beint frá fyrsta dómstigi til Hæstaréttar eru þau mál sem þurfa skjóta úrlausn. Hæstiréttur Noregs veitir hins vegar ekki oft áfrýjunarleyfi samkvæmt gr. 30-2, en það var til dæmis veitt í máli nr. TOSLO-2012-61260, sbr. HR-2013-435-U, þar sem

---

<sup>124</sup> Bøhn (n. 122).

<sup>125</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

<sup>126</sup> LG 2018 s. 95302 (Gulating lagmannsrett); HR 2019 s. 709-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg).

<sup>127</sup> LB 2017 s. 181429 (Borgarting lagmannsrett); HR 2019 s. 2174-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg).

<sup>128</sup> LA 2017 s. 111634 (Agder lagmannsrett); HR 2018 s. 2262 (Norges Høyesteretts ankeutvalg).

<sup>129</sup> LB 2018 s. 147038 (Borgarting lagmannsrett); HR 2019 s. 699-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg).

deilt var um skaðabótaábyrgð og kröfu til skaðabóta samkvæmt lögum er lúta að vinnuslysatriyggjum. Í málinu taldi Hæstiréttur öll skilyrði vera uppfyllt til að málinu væri skotið til réttarins, beint frá fyrsta dómstigi.<sup>130</sup>

### 9.3 Svíþjóð

Lög um meðferð einkamála og sakamála í Svíþjóð eru í sameiginlegum lagabálki (*s. rättegångsbalken*).<sup>131</sup> Hæstiréttur veitir sjálfur áfrýjunarleyfið og almennt þarf leyfi til þess að áfrýja dómum til réttarins, hvort sem um einkamál eða sakamál er að ræða, sbr. 9. gr. 54. kafla sænsku réttarfarslaganna. Þau tilvik sem Hæstiréttur veitir ekki áfrýjunarleyfi koma meðal annars fram í 8. gr. 54. kafla. sænsku réttarfarslaganna. Hæstiréttur veitir frýjunarleyfi ef mál er talið hafa almenna þýðingu fyrir réttarframkvæmdina eða ef sérstakar ástæður liggja að baki endurskoðun, meðal annars ef um er að ræða ranga lagatúlkun, ástæðu til nýrrar skoðunar eða að niðurstaðan í málinu sé byggð á vanrækslu eða að alvarleg mistök hafi átt sér stað á fyrri stigum máls, sbr. 10. gr. 54. kafla sænsku réttarfarslaganna.<sup>132</sup>

### 9.4 Samanburður við Ísland

Fyrirkomulagið á Íslandi sækir fyrirmynd sína til Norðurlandanna, þ.e. Danmörku, Noregs og Svíþjóðar. Sú meginregla sem gildir í þeim löndum er að efnismeðferð fyrir Hæstarétti er háð áfrýjunarleyfi. Þó er annar háttur hafður á í Danmörku, en þar er það sérstök stjórnáskilunefnd (d. Procesbevillingsnævnet),<sup>133</sup> sem leggur mat á það hvort veita eigi áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar. Annað gildir um Noreg og Svíþjóð en þar hefur Hæstiréttur sjálfur það hlutverk að meta hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eða ekki og þangað er fyrirmyndin að brl. að mestu sótt.<sup>134</sup>

Eins og fjallað hefur verið um, í köflum 9.1 og 9.2 um Danmörku og Noreg, er ljóst að samkvæmt lögum er ekki heimild til handa Hæstarétti til að endurskoða mat á sönnun eða sekt ákærða.<sup>135</sup> En heimild er samkvæmt 225. gr. sml., til handa Hæstarétti að endurskoða og leggja mat á sönnunargildi annarra gagna en mat á munnlegum framburði aðila fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Hefur Hæstiréttur Íslands því frekari heimildir til endurskoðunar en Hæsturéttir á

<sup>130</sup> TOSLO 2012 s. 61360 (Oslo tingrett); HR 2013 s. 435-U (Norges Høyesteretts ankeutvalg).

<sup>131</sup> Rättegångsbalk (1942:740). (frv. skammstafað sænsku réttarfarslögin).

<sup>132</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 21.

<sup>133</sup> „Procesbevillingsnævnet“ (n. 104).

<sup>134</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál.

<sup>135</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 19–20.



Norðurlöndunum, því þar er gríðarleg áhersla lögð á að Hæsturéttir séu aðeins fordæmisgefandi dómstólar. Þá taka þeir almennt aðeins þau mál til efnismeðferðar sem hafa verulegt almennt gildi og eru fordæmisgefandi.<sup>136</sup>

Við gerð frumvarps að brl. var fyrirmynd nýju framkvæmdarinnar um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar að miklu leyti sótt til Norðurlandanna og þá einna helst til Noregs. Í norsku einkamálalögnum veitir Hæstiréttur aðeins áfrýjunarleyfi ef álitafni hefur mikla þýðingu eða af einhverjum öðrum ástæðum sé mjög mikilvægt að fá niðurstöðu dómstólsins í málinu, sbr. gr. 30-4 norsku einkamálalaganna.<sup>137</sup> Í íslensku eml. er horft til þess við veitingu áfrýjunarleyfa, sbr. 176. gr. eml.: „hvort úrslits málsins hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis.“ Auk þess er hægt að veita leyfi samkvæmt íslenskum rétti ef Hæstiréttur telur að málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hafi verið stórlega ábótavant eða ef dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni, sbr. 176. gr. eml.

Skilyrðin fyrir áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar Íslands eru því að mestu þau sömu og í norsku lögnum.<sup>138</sup> Þá er einnig sambærilegt ákvæði í norsku lögnum um að í undantekningartilvikum sé hægt að skjóta máli beint frá héraðsdómi til Hæstaréttar, sbr. gr. 30-2 í norsku einkamálalögnum, sbr. 175. gr. eml. Í báðum ákvæðunum þarf sakarefnið að vera mjög mikilvægt og þarfnast skjótrar úrlausnar. Í íslensku lögnum er að auki kveðið á um að veita skuli áfrýjunarleyfi ef málið er fordæmisgefandi, hafi almenna þýðingu fyrir beitingu réttarreglna eða geti haft verulega samfélagslega þýðingu að öðru leyti.<sup>139</sup>

Í norsku sakamálalögnum veitir Hæstiréttur áfrýjunarleyfi ef álitafni hefur almenna þýðingu eða ef það er af einhverjum öðrum ástæðum er talið sérstaklega mikilvægt að dómstóllinn endurskoði málið, sbr. 1. mgr. 323. gr. norsku réttarfarslaganna.<sup>140</sup> Að sama skapi er það heimilt samkvæmt 215. gr. eml. að veita áfrýjunarleyfi ef niðurstaðan í málinu hefur verulega almenna þýðingu eða af öðrum ástæðum er mjög mikilvægt að fá niðurstöðu Hæstaréttar um álitafnið. Því verður að telja að um afar lík ákvæði sé að ræða, þ.e. í norsku lögnum og íslensku sml.

---

<sup>136</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 68. gr.

<sup>137</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

<sup>138</sup> Eilertsen og Ristvedt (n. 121) 5.3.

<sup>139</sup> Vinnuhópur um millidómstig (n. 6) 20.

<sup>140</sup> sama heimild.

## 10. Hvaða málum veitir Hæstiréttur áfrýjunarleyfi

Við skoðun á öllum þeim ákvörðunum sem Hæstiréttur Íslands hefur veitt áfrýjunarleyfi, frá því að brl. tóku gildi, hafa réttinum borist samtals 120 málskotsbeiðnir, þar af hafa 30 verið samþykktar. Alls 25 áfrýjunarleyfi hafa verið veitt á grundvelli 176. gr. eml., fjögur kæruleyfi á grundvelli 2. mgr. 167. gr. og aðeins eitt sakamál hefur fengið áfrýjunarleyfi, sem var veitt á grundvelli 2. mgr. 215. gr. sml.<sup>141</sup> Enn hefur ekkert mál komið til Hæstaréttar beint frá héraðsdómi á grundvelli þeirrar heimildar sem fram kemur í 175. gr. eml., enda eru skilyrðin sem þarf að uppfylla fyrir áfrýjun gríðarlega þröng.<sup>142</sup>

### 10.1 Hæstiréttur mótar hvað felst í skilyrðum fyrir málskoti til Hæstaréttar

Þar sem skilyrðin fyrir því hvort Hæstiréttur telji að veita eigi áfrýjunarleyfi eða ekki eru matskennd og opin, má velta upp því álitaefni hvort lögin brjóti í bága við Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944,<sup>143</sup> vegna þeirrar rúmu heimildar sem Hæstarétti er veitt til að móta reglurnar sem löggjafinn hefur sett um skilyrði fyrir veitingu áfrýjunarleyfis. Velta má því upp hvort það eigi ekki að vera í höndum löggjafans að setja skýra og ótvíræða lagareglu, sbr. 2. gr. stjskr. um þrígreiningu ríkisvalds um það í hvaða tilvikum skuli veita áfrýjunarleyfi. En lagaákvæðin, þar sem skilyrðin koma fram í lögnum fyrir veitingu áfrýjunarleyfis, eru almennt orðuð og mjög matskennd um það hvenær áfrýjunarleyfi skuli veitt af Hæstarétti. Ennfremur ef litið er til 61. gr. stjskr., um að dómarrar skulu aðeins dæma eftir lögum þá má varpa upp þeirri spurningu hvort lagaákvæðin er lúta að þeim skilyrðum sem sett eru fram í lögum um í hvaða tilvikum Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi brjóti mögulega í bága við stjskr. Álitaefnið getur því snúið að því hvort ákvæði um veitingu áfrýjunarleyfis brjóti í raun í bága við 2. gr. stjskr., um þrígreiningu ríkisvalds, þegar það er í raun sett í hendur Hæstaréttar sjálfs að leggja mat á það hvort veita eigi áfrýjunarleyfi þegar beiðni hefur borist og hvort rétturinn telji að skilyrðin fyrir áfrýjun séu uppfyllt eða ekki í ljósi þess hve opin og matskennd ákvæðin eru sem kveða á um þau skilyrði sem mál þurfi að uppfylla til að hljóta áfrýjunarleyfi.<sup>144</sup>

Þau skilyrði sem löggjafinn hefur sett, um það hvenær veita eigi áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar eða ekki, gefa hæstaréttardómurum töluvert svigrúm til að meta og ákveða hvaða mál skulu

<sup>141</sup> „Málskotsbeiðnir“ (*Hæstiréttur Íslands*) <<https://www.haestirettur.is/malskotsbeidnir/>> skoðað 2. maí 2019.

<sup>142</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 233.

<sup>143</sup> Stjórnarskrá lýðsveldisins Íslands nr 33/1944 (frv. skammstafað stjskr.).

<sup>144</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 68. gr.

vera rekin fyrir réttinum og hver ekki.<sup>145</sup> Það er því óhætt að álykta sem svo að Hæstiréttur móti lagareglurnar þar sem lagaskilyrðin eru svona matskennd og skilyrðin ekki nægilega skýrt afmörkuð. Hæstiréttur hefur í raun heimild til að móta gildissvið lagagreinarinnar um áfrýjunarleyfi. En rökin fyrir því að skilyrðin séu svona opin og matskennd og gefi Hæstarétti svo mikið svigrúm til mats í lögunum um það hvernig eigi að túlka þau voru þau samkvæmt frumvarpi að brl., að dómur Hæstaréttar séu betur í stakk búnir að að leggja mat á það hvenær skilyrðunum sé fullnægt til að veita áfrýjunarleyfi eða ekki. Þeir eru með fullnægjandi reynslu og þekkingu til að móta skýra og samræmda framkvæmd á því mati sem fer fram um hvort veita skuli áfrýjunarleyfi. Dómarnir í Hæstarétti eru taldir betur til þess fallnir að meta það hvort dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur að formi eða efni eða hvort málsmeðferð hafi verið ábótavant á fyrri dómstigum, heldur en löggjafinn sjálfur. Við vinnslu frumvarps til brl. var sú niðurstaða fengin að ákvæðin brytu ekki í bága við 2. gr. stjkskr. um þrígreiningu ríkisvalds á grundvelli ofangreinds rökstuðnings. Þá hefur einnig komið fram til að styðja þá framkvæmd að við afgreiðslu beiðna um áfrýjunarleyfi sé um að ræða eins konar takmarkaða áfrýjunarmeðferð fyrir Hæstarétti, þar sem rétturinn sjálfur er að skoða gögn málsins og leggja mat á hvort skilyrðin fyrir áfrýjunarleyfi séu til staðar og það sé eins konar takmörkuð málsmeðferð fyrir Hæstarétti.<sup>146</sup> Af þessu má ætla að Hæstiréttur sé ekki eingöngu að velja hvaða mál fari fyrir réttinn og hver ekki heldur sé í raun sé um að ræða efnislega afstöðu Hæstaréttar til þess ágreinings sem um ræðir og hvert mál fái því í raun takmarkaða málsmeðferð fyrir réttinum.<sup>147</sup>

Þó svo að markmið brl. hafi verið að auka fordæmisgildi Hæstaréttardóma skal tekið fram að í lögunum er einnig heimild til handa Hæstarétti til að veita áfrýjunarleyfi ef um er að ræða mikilvæga hagsmuni áfrýjanda eða ef dómur Landsréttar er bersýnilega rangur. Verður því næst tekið til umfjöllunar undir hvaða kringumstæðum og á hverju Hæstiréttur byggir þegar metið er hvort veita skuli áfrýjunarleyfi vegna mikilvægra hagsmuna viðkomandi. Eða hvenær um sé að ræða dóm sem hefur almennt gildi og að lokum hvenær Hæstiréttur metur það svo að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur.<sup>148</sup>

---

<sup>145</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 232.

<sup>146</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 29. gr.

<sup>147</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 235.

<sup>148</sup> sama heimild 232.

## **10.2 Mat á skilyrðum 176. gr. einkamálalaga um málskot dóma til**

### **Hæstaréttar**

#### **10.2.1 Mat á því hvenær um sé að ræða sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis**

Velta má því upp hvað falli undir að teljast sérstaklega mikilvægir hagsmunir þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Hvort þar falli meðal annars undir mál er varða forsjá barna, en í þeim málum verður að telja að um gríðarlega hagsmuni barns sé að ræða. Einnig má velta því upp hvort mál sem varða háar fjárhæðir, sem er hlutfallslega stór hluti eigna viðkomandi aðila, falli undir mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Ennfremur hvort stjórnarskrárvarin réttindi séu þau grundvallarréttindi aðila sem Hæstiréttur telji vera sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis.<sup>149</sup>

Óhætt er að álykta sem svo að Hæstiréttur telji mál er varði forsjá barna sérstaklega mikilvæga hagsmuni, en Hæstiréttur virðist þó frekar byggja áfrýjunarleyfið á þeim forsendum að um verulegt almennt gildi sé að ræða, sbr. ákvörðun nr. 2019-130.<sup>150</sup> Hæstiréttur hefur ekki enn byggt áfrýjunarleyfi á þeim grunni að um sé að ræða sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis, þrátt fyrir að leyfisbeiðandi hafi vísað sérstaklega til þess í rökstuðningi sínum, sbr. ákvörðun nr. 2019-16 og 2019-17, þar sem leyfisbeiðandi bendir á að sérstaklega mikilvægir hagsmunir séu í húfi og vísar til fjárhæðar kröfu sinnar í þeim efnun.<sup>151</sup> Hæstiréttur veitti áfrýjunarleyfi í framangreindum málum en virðist frekar byggja leyfið á þeim grunni að um verulegt almennt gildi sé að ræða hvað varðar túlkun á því lagaatriði sem um ræðir. Verður því að telja að mál er varði háar fjárhæðir, sem er hlutfallslega stór hluti eigna viðkomandi, leiði ekki endilega til þess að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi á grundvelli þess að um sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila sé að ræða.

#### **10.2.2 Mat á því hvenær úrslit máls hafa verulegt almennt gildi**

Við mat á því hvort veita eigi áfrýjunarleyfi lítur Hæstiréttur til þess hvort úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi. Ef skilyrðið telst uppfyllt verður að telja að það skipti miklu máli að fá skorið úr um það álitaefni fyrir almenning, að rétt túlkun komist á ágreiningsefnið eða þá lagagrein sem við á. Verður því næst tekið til umfjöllunar undir hvaða kringumstæðum og á

---

<sup>149</sup> sama heimild.

<sup>150</sup> Hrd. 6. maí 2019 ákvörðun nr. 2019-130.

<sup>151</sup> Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-16; Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-17.

hverju Hæstiréttur byggir þegar metið er hvort veita skuli áfrýjunarleyfi á þeim grunni að um verulegt almennt gildi sé að ræða.

Af þeirri framkvæmd sem nú er komin eru dæmi sem sýna að mál er varða til dæmis túlkun samninga geti fengið áfrýjunarleyfi á grundvelli þess að þeir hafi verulegt almennt gildi og fordæmisgildi. Hæstiréttur hefur í eftirfarandi málum veitt áfrýjunarleyfi á þeim grunni. Hann hefur talið það hafa verulega almennt gildi ef vafi er uppi um túlkun á samningum og skuldbindingargildi samninga gagnvart þriðja manni, sbr. ákvörðun nr. 2019-111, í málinu var um að ræða veðskuldabréf og gildi sammings um lokauppgjör, en eftir lokauppgjör krafðist kröfuhafi endurgreiðslu ofgreiddra vaxta, þó svo að lokauppgjör hefði farið fram með greiðslu skuldabréfsins á grundvelli sammings um lokauppgjör.<sup>152</sup> Einnig, sbr. ákvörðun nr. 2019-23, en þar taldi Hæstiréttur að dómur í málinu hefði verulegt almennt gildi um skýringu erfðafestusamninga og slit þeirra, bæði á grundvelli brostinna forsendna og um áhrif tómlætis, en deilt var um hvort erfðaleigusamningar, frá árunum 1932-1939, væru enn í gildi.<sup>153</sup>

Ef vafi leikur á um lagaleg túlkunaratriði í máli hefur Hæstiréttur talið það hafa verulegt almennt gildi að fá skorið úr því fyrir réttinum. Hæstiréttur býr þannig til fordæmi um þá túlkun sem gildir um þá lagareglu sem byggt er á í málinu, sbr. ákvörðun nr. 2019-16 og 2019-17, þar sem um var að ræða tjón sem aðili kvaðst hafa orðið fyrir við kaup á hlutabréfum og krafðist skaðabóta vegna þess. Sakarefnið sneri að því hvort krafan væri fyrnd og taldi Hæstiréttur mikilvægt að greina á milli annars vegar hvernig skilja bæri á milli eldri laga og yngri og að niðurstaða málsins um fyrningu krafna um skaðabætur utan samninga hefði verulegt almennt gildi, túlkunin sneri eftir atvikum að því hvenær um upphaf fyrningarfrests væri að ræða í málinu. Með brl. voru settar nýjar reglur um meðdómsmenn, en í ákvörðun nr. 2018-197 taldi Hæstiréttur að túlkun á lagaákvæðum, tengdum fjölda meðdómsmanna fyrir dómi, myndi hafa fordæmisgildi. Hæstiréttur tók málið til efnismeðferðar aðeins á þeim grunni og var málið því aðeins flutt um formhlið þess með tilliti til þessa. Hér er rétt að taka það fram að Hæstiréttur getur hafa verið að fallast á áfrýjunarleyfi með tilliti til þess að málsmeðferð fyrir lægri dómstólum hafi verið ábótavant, þar sem Hæstiréttur telur að þurfi að endurskoða túlkun ákvæðisins.<sup>154</sup>

<sup>152</sup> Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-111.

<sup>153</sup> Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-23.

<sup>154</sup> Hrd. 8. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-197.

Einnig hefur Hæstiréttur talið það hafa verulegt almennt gildi ef úrslit málsins varða heila starfsstétt, sbr. ákvörðun nr. 2019-24, þar sem um var að ræða túlkun á afmörkun á starfssviði fasteignasala og gildissvið lögbundinnar starfsábyrgðartryggingar þeirra.<sup>155</sup> Það kom líka fram í ákvörðun nr. 2018-210 að Hæstiréttur hefði veitt áfrýjunarleyfi á grundvelli þess að um væri að ræða þagnarskyldu starfsmanna fjölmiðla um atriði er varðar heimildir fyrir fréttum og var því talið að málið hefði verulegt almennt gildi að því leyti. Í sama máli stönguðust á reglur stjkskr. um tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífs og taldi Hæstiréttur nauðsynlegt að leysa úr því með tilliti til málsatvika og taldi málið hafa verulegt almennt gildi.<sup>156</sup> Einnig virðist Hæstiréttur telja að mál hafi verulegt almennt gildi ef þau hafa fordæmisgildi á ákveðnu sviði, sbr. ákvörðun nr. 2018-248, en málið var talið hafa fordæmisgildi á sviði félaga- og samningaréttar um þær heimildir og það svigrúm sem hluthafar höfðu til að semja um hagsmuni sína innan félaga, einnig um réttarstöðu þeirra innbyrðis og gagnvart félaginu og vanefndarúrræði aðila að hluthafasamkomulagi. En í málinu var deilt um hvort aðili hefði haft réttmætar ástæður til þess að víkja frá hluthafasamkomulagi.<sup>157</sup>

Telja verður að Hæstiréttur meti það sem svo að mál hafi verulegt almennt gildi ef ekki hefur áður verið skorið úr því álitafni sem á reynir fyrir Hæstarétti, sbr. ákvörðun nr. 2018-268, en ekki hefur áður komið til kasta Hæstaréttar álitamál um hvaða reglur gilda um milligöngu fjármálafyrirtækja við kaup og sölu hluta í einkahlutafélögum. Hæstiréttur telur niðurstöðu um hvaða kröfur séu gerðar til fjármálafyrirtækja, við gerð áreiðanleikakannana í tengslum við slík kaup, hafi verulegt almennt gildi þá einkum vegna þess að álitafnið hafi ekki áður komið til kasta Hæstaréttar.<sup>158</sup> Einnig varðandi ákvörðun nr. 2019-110, þar sem ekki hafði áður verið skorið úr um það ágreiningsefni á sviði eignar- og kröfuréttar að með tilteknum rammamningi um rétt til verktöku hefði stofnast kvöð á lóðaréttindum, sem síðari eigendur þeirra hefðu verið bundnir af og að kaupandi hefði haft vitneskju um kvöðina þegar lóðin var keypt. Með kaupsamningnum hefði kaupandi samþykkt að taka yfir skuldbindingar sem fyrri eigendur höfðu undirgengist með samningi og taldi Hæstiréttur að það hefði verulegt almennt gildi að fá skorið úr þessu máli fyrir réttinum.<sup>159</sup> Hæstiréttur veitti einnig áfrýjunarleyfi byggt á þessum grunni, í ákvörðunum nr. 2019-5, 2019-6 og 2019-7, þar sem aldrei hafði reynt á skilyrði fyrir beitingu forkaupsréttar hluthafa að hlutum í félagi og túlkun á

---

<sup>155</sup> Hrd. 31. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-24.

<sup>156</sup> Hrd. 23. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-210.

<sup>157</sup> Hrd. 20. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-248.

<sup>158</sup> Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2018-268.

<sup>159</sup> Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-110.

forkaupsréttarákvæðinu sjálfu við þessar aðstæður sem uppi voru í málinu. Annars vegar reyndi á tilkynningar um kaup á hlutum og beitingu forkaupsréttar og hins vegar varðandi upphaf og lok fresta í því samhengi. Hæstiréttur taldi það hafa verulegt almennt gildi að leysa úr þessu ágreiningsefni fyrir réttinum.<sup>160</sup> Hæstiréttur taldi túlkun á áhrifum tómlætis starfsmanns hafa fordæmisgildi þar sem ekki hafði enn reynt á það álitæfni á sviði vinnuréttar fyrir Hæstarétti áður, líkt og fram kemur í ákvörðun nr. 2018-219, þá sérstaklega þar sem aðili gegndi stöðu trúnaðarmanns starfsmanna á vinnustað og hafði ekki uppi athugasemdir um tilhögun um greiðslu launa sinna fyrr.<sup>161</sup> Einnig gat í því máli reynt á tengsl á milli starfskjara samkvæmt kjarasamningi og ráðningarsamningi. Í ákvörðun nr. 2018-207 virtist í þessu samhengi Hæstiréttur telja það hafa verulegt almennt gildi ef ný lög höfðu verið sett og vafi lék á því hvort eldri fordæmi hefðu enn gildi samkvæmt nýjum lögum. Í málinu var deilt um rétt til skaðabóta vegna þess að aðili hafði verið borin sökum um refsiverða háttsemi en verið sýknuð af þeim sakargiftum í endanlegum dómi, en breytingar hafa orðið á sml. og ekki hefur reynt á skýringu 246. gr. sml. fyrir Hæstarétti við þessar aðstæður sem á reynir í málinu. Þá reynir einnig á hvort þeir dómur sem féllu fyrir gildistöku sml. um skaðabætur á þessum grunni hafi enn fordæmisgildi og telur Hæstiréttur það hafa verulegt almennt gildi að taka málið til efnismeðferðar þar sem það gæti gefið nýtt fordæmi.<sup>162</sup> Ekki hefur enn reynt á það álitamál fyrir Hæstarétti þar sem deilt er um hvaða viðmiðunartekjur eigi að miða við í seinna slysi þegar reiknaðar eru út skaðabætur vegna varanlegrar örorku. Þar sem aðili hafði áður lent í bílslysi og verið metinn til 30% örorku vegna þess slyss. Leyfisbeiðandi málsins krafðist óskertra árslauna en gagnaðili að viðmiðunartekjur skyldu lækkaðar um 30% vegna varanlegrar örorku sem aðili hafði hlotið fyrir það bílslys sem ágreiningur aðila laut að í málinu, sbr. ákvörðun nr. 2018-203. Hæstiréttur taldi málið hafa fordæmisgildi um uppgjör bóta fyrir varanlegt líkamstjón, þegar tjónþoli hafði áður orðið fyrir slíku tjóni.<sup>163</sup>

Hæstiréttur virðist veita málum áfrýjunarleyfi þegar ágreiningsmálið lýtur að því hvort lög sem sett hafa verið brjóti í bága við stjkr., sbr. ákvarðanir 2018-257, 2018-259, 2018-262, 2018-263 og 2018-264. En í öllum þessum málum reyndi á hvort lög, sem veita ráðherra heimild til að skerða framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með reglugerð, stæðust 2. mgr. 78. gr. stjkr. Hæstiréttur taldi úrlausnarefnið hafa verulegt almennt gildi auk þess sem ekki hefði verið leyst

---

<sup>160</sup> Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-5; Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-6; Hrd. 29. janúar 2019 ákvörðun nr. 2019-7.

<sup>161</sup> Hrd. 6. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-219.

<sup>162</sup> Hrd. 14. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-207.

<sup>163</sup> Hrd. 8. nóvember 2018 ákvörðun nr. 2018-197.

úr hliðstæðu álitafni fyrir Hæstarétti áður.<sup>164</sup> Einnig má draga þá ályktun að Hæstiréttur virtist veita áfrýjunarleyfi ef mál varða túlkun á ákvæðum stjkskr. Í ákvörðun nr. 2019-130 veitti Hæstiréttur áfrýjunarleyfi á grundvelli túlkunar ákvæða stjkskr., ákvæða á sviði stjórnisýsluréttar og barnaréttar. Áfrýjunarleyfið var byggt á því að túlkun þessara ákvæða hefði verulegt almennt gildi meðal annars með tilliti til þess fordæmis sem úrlausn málsins myndi hafa í för með sér.

### **10.2.3 Mat á því hvenær málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti er stórlega**

#### **ábótavant**

Á Norðurlöndunum hefur verið talið að mikið þurfi að koma til svo Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi á grundvelli rangrar málsmeðferðar á fyrri stigum,<sup>165</sup> en Hæstiréttur Íslands virðist taka til meðferðar mál þar sem ekki hefur verið fylgt málsmeðferðarreglum samkvæmt eml. á lægri dómstigum. Í ákvörðun nr. 2018-153 var þess ekki gætt fyrir Landsrétti að fara eftir 3. mgr. 142. gr. eml., en veita þurfti leyfi fyrir áfrýjun málsins til Landsréttar vegna aðstæðna sem uppi voru í málinu. Taldi Hæstiréttur því óhjákvæmilegt að verða við umsókn leyfisbeiðanda af þessum sökum.<sup>166</sup>

### **10.2.4 Mat á því hvenær dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur og það hafi verulegt almennt gildi að fá endurskoðun Hæstaréttar**

Hæstiréttur virðist taka til greina mál og veita þeim áfrýjunarleyfi, þar sem Landsréttur hefur bersýnilega dæmt í andstöðu við þá dómaframkvæmd sem Hæstiréttur hefur áður mótað í dómum sínum. Þá yrði í dómi Hæstaréttar að öllum líkindum leiðrétt túlkun Landsréttar til samræmis við eldri fordæmi Hæstaréttar.<sup>167</sup> Talið hefur verið að mikið þurfi að koma til svo Hæstiréttur veiti leyfi á grundvelli rangrar málsmeðferðar eða rangrar niðurstöðu á fyrsta og öðru dómstigi á Norðurlöndunum.<sup>168</sup> Í eftirfarandi ákvörðunum kemur það fram að Hæstiréttur Íslands virðist í því samhengi frekar byggja niðurstöðu sína um áfrýjunarleyfi á að úrslit málsins hafi verulegt almennt gildi.

---

<sup>164</sup> Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-257; Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-259; Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-262; Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-263; Hrd. 21. desember 2018 ákvörðun nr. 2018-264.

<sup>165</sup> Sunde (n. 27) 73–74.

<sup>166</sup> Hrd. 21. ágúst 2018 ákvörðun nr. 2018-153.

<sup>167</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 240.

<sup>168</sup> Sunde (n. 27) 73–74.



Hæstiréttur virðist í þeim áfrýjunarleyfum, sem hann hefur veitt á grundvelli þess að Landsréttur hafi dæmt í andstöðu við dómaframkvæmd Hæstaréttar, telja að það hafi verulegt almennt gildi að fá úr því skorið hvernig rétt túlkun eigi að vera. En virðist þó ekki byggja á því að dómur Landsréttar sé bersýnilega rangur, sbr. ákvörðun nr. 2019-71, en þar byggði áfrýjandi beiðni sína um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar á því að Landsréttur hefði túlkað skilgreiningu á hugtakinu stórfellt gáleysi í andstöðu við fjölmarga dóma Hæstaréttar. Hæstiréttur taldi því úrslit málsins hafa verulegt almennt gildi um skilgreiningu á hugtakinu stórfellt gáleysi.<sup>169</sup> Í ákvörðun nr. 2019-18 reyndi einnig á hvort breyting á lögum um virðisaukaskatt hefði áhrif á verð verksamnings, sem var gerður fyrir lagabreytinguna. Hér er um túlkunaratriði að ræða sem talið var að Landsréttur hefði útskýrt í andstöðu við fyrri dómaframkvæmd Hæstaréttar. Málið var talið hafa verulegt almennt gildi við túlkun á fjölda annarra verksamninga og var veitt áfrýjunarleyfi á grundvelli þess.<sup>170</sup> Sama á við í ákvörðun nr. 2019-102 þar sem leyfisbeiðandi byggði á því að túlkun Landsréttar á samningum og stofnun þeirra virtist brjóta í bága við dómaframkvæmd Hæstaréttar, sbr. ákvörðun nr. 2019-102, en málið varðaði túlkun á munnlegum samningi og kom fram í málskotsbeiðninni að Landsréttur hefði dæmt í andstöðu við dómaframkvæmd Hæstaréttar og taldi Hæstiréttur því ástæðu til að veita áfrýjunarleyfi í málinu. Hann byggði á því í rökstuðningi sínum, fyrir veitingu áfrýjunarleyfis, að úrlausn málsins gæti haft fordæmisgildi en ekki að um væri að ræða ranga niðurstöðu eða túlkun Landsréttar.<sup>171</sup>

### **10.3 mat á skilyrðum 2. mgr. 167. gr. einkamálalaga um málskot úrskurða Landsréttar til Hæstaréttar**

Við athugun á því hvenær Hæstiréttur veitir kæruleyfi virðist gilda það sama um túlkun lagaákvæða er varðar áfrýjunarleyfi og kæruleyfi, þ.e. ef vafi leikur á um túlkun þeirra virðist Hæstiréttur taka kæruleyfi til greina, þar sem það hefur fordæmisgildi að fá niðurstöðu um álitafnið, svo ekki ríki réttaróvissa þar um.

Í ákvörðun nr. 2019-105 byggði leyfisbeiðandi á því að það léki vafi á því í málinu hvort réttilega hefði verið boðað til kröfuhafafundar, samkvæmt 3. mgr. 79. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti og taldi Hæstiréttur að niðurstaða réttarins hefði fordæmisgildi um túlkun

<sup>169</sup> Hrd. 28. febrúar 2019 ákvörðun nr. 2019-71.

<sup>170</sup> Hrd. 31. janúar 2019 ákvörðun 2019-18.

<sup>171</sup> Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-102.

ákvæðisins og veitti kæruleyfi.<sup>172</sup> Í ákvörðun nr. 2019-90 var í málinu deilt um túlkun á 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, þ.e. hvort úrlausn um dóm í skilningi ákvæðisins ætti aðeins við um efnisdóm eða hvort frávisun málsins frá Landsrétti eða Hæstarétti félli einnig undir ákvæði 2. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hæstiréttur mat það svo að túlkun á ákvæðinu hefði fordæmisgildi og veitti kæruleyfi.<sup>173</sup> Einnig var veitt kæruleyfi í ákvörðun nr. 2018-150, en málið varðaði túlkun á því hvort maki bæri ábyrgð á greiðslu opinberra gjalda, sem í þessu máli átti rætur að rekja til álags á vantalda gjaldstofna. Hæstiréttur taldi að úrlausn ágreiningsefnisins gæti haft fordæmisgildi.<sup>174</sup>

Með kæruleyfi í ákvörðun nr. 2018-181 var aðeins veitt kæruleyfi á hluta málsins, en það virtist með sama móti rökstutt hvort sem um kæruleyfi og áfrýjunarleyfi væri að ræða að Hæstiréttur virðist veita málum kæruleyfi ef álitaeefnið hefur ekki komið til kasta dómstólsins áður. Í þessu máli var deilt um túlkun á b. lið. 5. gr. laga nr. 75/1997 um sammingsveð,<sup>175</sup> þar sem veðréttur fyrir fjárkröfu var studdur með tryggingarbréfi, en ekki hafði skýrlega reynt á þetta álitaeefni áður fyrir Hæstarétti. Talið var að þar sem niðurstaða málsins gæti haft fordæmisgildi þyrfti að fá úrlausn Hæstaréttar á málinu og á þeim grundvelli var veitt áfrýjunarleyfi.<sup>176</sup>

#### **10.4 Mat á skilyrðum 215. gr. sakamálalaga**

Telja verður að mikið þurfi að koma til svo áfrýjunarleyfi sé veitt á grundvelli 4. mgr. 215. gr. sml., ef önnur skilyrði að mati Hæstaréttar eru ekki fyrir hendi sem fram koma í 1. mgr. sömu greinar. En þetta ákvæði er til komið sem eins konar öryggisventill.<sup>177</sup> Í 4. mgr. 215. gr. er kveðið á um að áfrýjunarleyfi skuli meðal annars veita „af öðrum ástæðum“ ef það er mjög mikilvægt að fá niðurstöðu Hæstaréttar í málinu. Óhætt er að velta því fyrir sér hvernig Hæstiréttur leggi mat á þetta skilyrði þar sem það er mjög matskennt og opið. Ennfremur hvort honum sé veitt of mikið svigrúm til að móta regluna, þar sem skilyrðin virðast vera rýmri til áfrýjunar frekar en ekki.<sup>178</sup>

<sup>172</sup> Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun 2019-105.

<sup>173</sup> Hrd. 14. mars 2019 ákvörðun 2019-90.

<sup>174</sup> Hrd. 21. ágúst 2018 ákvörðun nr. 2018-150.

<sup>175</sup> Lög um sammingsveð nr. 75/1997.

<sup>176</sup> Hrd. 4. október 2018 ákvörðun nr. 2018-181.

<sup>177</sup> Alþt. 2015-2016, A-deild, þskj. 1018 – 616. mál, athugasemdir við 68. gr.

<sup>178</sup> Gunnar Páll Baldvinsson (n. 20) 229.

Samkvæmt þeirri framkvæmd sem nú er komin hefur aðeins eitt sakamál fengið áfrýjunarleyfi fyrir Hæstarétti, sbr. ákvörðun nr. 2018-84. Af þeim sökum er óhætt að álykta sem svo að Hæstiréttur leggi mjög þröngt mat á þetta skilyrði.<sup>179</sup> Þetta mál er eitt af þeim málum sem mun marka stórt skref í sögu íslenskra dómstóla, þar sem beiðnin er byggð á því að málið fyrir Landsrétti hafi verið dæmt af dómara sem ekki hafi verið með réttu handhafi dómsvalds. Í málinu er byggt á því að skipun hans hafi ekki verið lögum samkvæm og því hafi málsmeðferðin fyrir Landsrétti brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð. Málsmeðferðinni væri því stórlega ábótavant fyrir Landsrétti. Í máli Hæstaréttar nr. 10/2018 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að við skipan dómarsans hefði verið brotið í bága við lög en ekki að svo miklu leyti að dómari ætti að víkja úr embætti.<sup>180</sup> Máli þessu var skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu sem komst að þeirri niðurstöðu, sbr. dóm Mannréttindadómstóls Evrópu 12. mars 2019 í máli nr. 26374/18, að Landsrétti hefði ekki verið komið á fót með lögum hætti.<sup>181</sup> Hæstiréttur hefur nú tekið það fram í ákvörðun nr. 2019-123 að veita ekki áfrýjunarleyfi á meðan beðið er eftir endanlegri niðurstöðu í málinu frá efri deild MDE í þeim málum sem einn af þeim fjórum dómurum hefur dæmt í fyrir Landsrétti.<sup>182</sup>

## 11. Niðurstöður

Skilyrði málskots til Hæstaréttar birtast í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991 og lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Nánar tilgreint í 175. gr., 176. gr. og 167. gr. eml. og í 215. gr. og 211. gr. sml. Eftir setningu laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) nr. 49/2016 hefur Landsréttur nú tekið við sem áfrýjunardómstóll á öðru dómstigi og Hæstiréttur fengið nýtt hlutverk sem æðsti dómstóll landsins. Skilyrði málskots til Hæstaréttar eru mun þrengri en í eldri lögum og koma því mun færri mál til kasta Hæstaréttar nú en gerðu fyrir lagabreytingarnar. Hæstiréttur hefur fengið nýtt hlutverk sem réttarskapandi dómstóll og fá nú aðeins mál efnismeðferðar fyrir Hæstarétti að áðurfengnu áfrýjunarleyfi frá réttinum sjálfum og meta dómara Hæstaréttar það sjálfir hverju sinni hvort skilyrði fyrir áfrýjunarleyfi eru uppfyllt eða ekki.

<sup>179</sup> Hrd. 17. apríl 2018 ákvörðun nr. 2018-84.

<sup>180</sup> Hrd. 24. maí 2018 í máli nr. 10/2018.

<sup>181</sup> *Guðmundur Andri Ástráðsson g. Íslandi* App no 26374/18 (ECHR, 12. mars 2019), 123 mgr.

<sup>182</sup> Hrd. 11. apríl 2019 ákvörðun nr. 2019-123.

Til þess að mál eigi möguleika á að fá áfrýjunarleyfi þarf það að varða sérstaklega mikla hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis, hafa verulegt almennt gildi, hafa fordæmisgildi eða sérstakar ástæður mæli með því að mál skuli rekið fyrir Hæstarétti. Ef ekkert af ofantöldum skilyrðum er uppfyllt þá er Hæstarétti samt sem áður heimilt að veita áfrýjunarleyfi ef málsmeðferð fyrir héraðsdómi eða Landsrétti hefur verið stórlega ábótavant eða dómur Landsréttar bersýnilega rangur.

Þau ákvæði sem Hæstiréttur styðst við er hann leggur mat á hvort veita skuli áfrýjunarleyfi eru matskennd, opin og almennt orðuð. Hæstarétti er því veitt mikið svigrúm til mats við að ákveða hvaða mál skuli rekin fyrir réttinum og hver ekki. Að mati höfundar er óhætt að álykta sem svo að Hæstiréttur sé í raun að móta lagareglurnar, þar sem skilyrðin eru ekki nægilega skýrt afmörkuð, heldur er um opin og matskennd ákvæði að ræða. Höfundur telur að þau rök sem sett eru fram í frumvarpi til brl., um að Hæstiréttur sé best í stakk búinn til að leggja mat á hvort þau skilyrði sem sett eru fram í ákvæðum eml. og sml. um áfrýjunarleyfi séu uppfyllt, eigi við rök að styðjast, þrátt fyrir að þau séu opin og matskennd.

Við skoðun á þeim áfrýjunarleyfum sem Hæstiréttur hefur veitt frá setningu Landsréttar má í fyrsta lagi draga þá ályktun að Hæstiréttur meti það svo að mál teljist hafa verulegt almennt gildi og nauðsynlegt sé að Hæstiréttur skeri úr um ágreininginn í málum sem varða túlkun samninga. Í öðru lagi ef um lagaleg túlkunaratriði er að ræða sem Hæstiréttur hefur ekki áður dæmt í, þá veitir hann áfrýjunarleyfi á þeim grunni, með þeim rökstuðningi að málið teljist hafa verulegt almennt gildi og rétturinn þurfi að taka málið til meðferðar og greina frá niðurstöðu sinni sem veiti síðan fordæmi fyrir túlkun tiltekinna lagaákvæða. Í þriðja lagi virðist rétturinn telja að ef túlkunaratriði varðar heila starfsstétt þá sé um að ræða verulegt almennt gildi fyrir því að fá leyst úr málinu fyrir Hæstarétti og hefur rétturinn nú þegar veitt áfrýjunarleyfi á grundvelli þessa. Í fjórða lagi virðist Hæstiréttur telja að veita skuli málum áfrýjunarleyfi í þeim tilvikum þar sem ekki hefur áður reynt á álitaefnið fyrir Hæstarétti og þá á grundvelli þess réttarskapandi hlutverks sem hann hefur. Í fimmta lagi virðist Hæstiréttur telja nauðsynlegt að veita áfrýjunarleyfi í málum þar sem álitefnið snýr að því hvort lög brjóti í bága stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944. Í sjötta lagi virðist Hæstiréttur taka mál til efnismeðferðar ef málsmeðferð var ábótavant fyrir lægri dómstólum og í sjöunda lagi þar sem Hæstiréttur telur dóma Landsréttar brjóta í bága við fyrri dómaframkvæmd Hæstaréttar. Það virðist mikið þurfa að koma til svo Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi á grundvelli þess að um sé að ræða bersýnilega rangan dóm Landsréttar. Hæstiréttur virðist frekar veita áfrýjunarleyfið á þeim grundvelli að

það hafi verulegt almennt gildi að leiðrétta lagatúlkunina. Einnig er óhætt að draga þá ályktun að Hæstiréttur fari varlega í að veita áfrýjunarleyfi á grundvelli sérstaklega mikilvægra hagsmuna aðila máls, vegna þess fordæmisgildis sem það gæti haft í för með sér.

Við skoðun á þeim kæruleyfum sem Hæstiréttur hefur veitt frá setningu Landsréttar og laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) nr. 49/2016, má álykta sem svo að Hæstiréttur virðist í flestum tilvikum meta skilyrðin að svipuðu leyti þegar um er að ræða kæruleyfi á grundvelli 2. mgr. 167. gr., þ.e. ef vafi leikur á um lagatúlkun eða ef ekki hefur reynt á slíkt álitaefni fyrir Hæstarétti áður og enn fremur ef niðurstaðan er þvert á fyrri fordæmi Hæstaréttar.

Þegar litið er til ákvæðis um áfrýjunarleyfi í norskum einkamálalögum, þangað sem Ísland sækir fyrirmynd sína, má álykta að um opin ákvæði sé að ræða. Mikið svigrúm er til mats og verður að telja að erfitt sé að draga ályktun fyrirfram um hvaða mál Hæstiréttur telur að ættu frekar að fara fyrir réttinn en önnur. Hæstiréttur Noregs veitir í fyrsta lagi almennt þeim málum áfrýjunarleyfi þar sem þörf er á lögfræðilegri túlkun lagaákvæða vegna réttarskapandi hlutverks síns. Í öðru lagi þeim málum sem röng lagatúlkun hefur átt sér stað á fyrri dómstigum og þarfnast leiðréttingar. Í þriðja lagi á hið sama við ef ágreiningur er um hvort landslög brjóti í bága við stjórnarskrá. Í fjórða lagi ef álitaefni hefur ekki komið til kasta Hæstaréttar Noregs áður. Í fimmta lagi ef lagmannsréttur hefur dæmt í andstöðu við fyrri dómaframkvæmd Hæstaréttar Noregs. Þá verður einnig að telja að Hæstiréttur Noregs telji mál er varða forsjá barna vera sérstaklega mikilvæga hagsmuni og hafa verulegt almennt gildi þar sem um gríðarlega hagsmuni barns er að ræða, sbr. leyfi nr. HR-2019-709-U. Hið sama má ráða af þeirri framkvæmd sem nú er komin hér á landi, sbr. ákvörðun nr. 2019-130.

Í ljósi þess hve stutt er síðan lög um breytingu á lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (millidómstig) nr. 49/2016 tóku gildi hefur ekki enn myndast löng framkvæmd um það í hvaða tilvikum Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi og hvenær ekki. Þó telur höfundur að sú framkvæmd sem komin er gefi nokkuð góða mynd af því í hvaða tilvikum Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi. Ennfremur telur höfundur að hægt sé að horfa til þess í hvaða tilvikum Hæstiréttur Noregs veitir áfrýjunarleyfi til hliðsjónar við mat á því hvort líkur séu til þess að Hæstiréttur veiti áfrýjunarleyfi í tilteknu máli.

Að mati höfundar má draga þá ályktun að Hæstiréttur Íslands fylgi að meginstefnu til þeirri túlkun

sem Hæstiréttur Noregs hefur beitt við mat á því hvort skilyrðum laga um veitingu áfrýjunarleyfis séu uppfyllt. Einnig telur höfundur óhætt að draga þá ályktun að í flestum tilvikum sem Hæstiréttur veitir áfrýjunarleyfi er leyfið byggt á því að um verulegt almennt gildi sé að ræða.

## Heimildaskrá

„Anke til Høyesterett“ (*Norges Domstoler*) <<https://www.domstol.no/no/Enkelt-domstol/-norges-hoyesterett/om-hoyesterett/anke-til-hoyesterett/>> skoðað 16. apríl 2019

Bøhn A, „Tvistelovbrev nr. 29 – anke til Høyesterett (kaflí 30).“ [2007] (29) Tvistelovbrev <<https://lovdata.no/pro/JUS/tvistelovbrev-2007-29>>

Eilertsen T og Ristvedt PM, „Tvisteloven – sett fra et advokatperspektiv“ [2008] (1) Tidsskrift for forretningsjus

Gunnar Páll Baldvinsson, „Verður Hæstiréttur „Hæstiréttur“?: um starfsaðstæður Hæstaréttar Íslands í fortíð og framtíð“ (2018) 68 (2) Tímarit Lögfræðinga

Lindblom, Per Henrik, „The Role of the Supreme Courts in Scandinavia“ (2000) 39 Scandinavian Studies in Law

„Málskotsbeiðnir“ (*Hæstiréttur Íslands*) <<https://www.haestirettur.is/malskotsbeidnir/>> skoðað 2. maí 2019

*NOU 2001:32 B Rett på sak Lov om tvisteløsning (tvisteloven)* (Justis- og politidepartementet 2001) <<https://lovdata.no/pro/NOU/forarbeid/nou-2001-32b>>

„Procesbevillingsnævnet“ (*Danmarks domstole*, 3. september 2018) <<http://www.domstol.dk/procesbevillingsnaevnet/Pages/default.aspx>> skoðað 8. apríl 2019

Róbert Ragnar Spanó, „Er Hæstiréttur „hæstiréttur“?“ (2007) 57 (4) Tímarit lögfræðinga

Sigurður Tómas Magnússon, „Nýtt millidómstig“ (2017) 13 Tímarit lögréttu

Skoghøy JEA, „Anketillatelse til Norges Høyesterett“, *Festskrift til Lars Heuman* (Jure Förlag 2008) <<https://lovdata.no/pro/JUS/skoghoey-je-2008-03>>

Sunde JØ, „From Courts of Appeal to Courts of Precedent—Access to the Highest Courts in the Nordic Countries“ í Cornelis Hendrik van Rhee og Yulin Fu (ritstj.), *Supreme Courts in Transition in China and the West: Adjudication at the Service of Public Goals* (Springer International Publishing 2017) <[https://doi.org/10.1007/978-3-319-52344-6\\_4](https://doi.org/10.1007/978-3-319-52344-6_4)> skoðað 29. apríl 2019

Vinnuhópur um millidómstig, „Skýrsla vinnuhóps um millidómstig“ (Innanríkisráðuneytið 23. júní 2011) <<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2011/06/24/Telja-full-rok-til-ad-stofna-millidomstig/>>